




Leikið á pólsku leikskólar 24



Stella Sigurðardóttir býr sig undir EM krakkar 34



Tom Cruise bíó 26



spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

23. júní 2012
146. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðlökunum Capacent Gallup júní - maí 2012

Eldri bílafloiti – minna öryggi

Íslendingar henda síður bílum nú en fyrir hrún og færri kaupa sér nýja. Meðalaldur bíla hefur hækkað um tvö ár frá 2008. Þetta er sagt þýða að bílafloiti sé óruggari en ella, því nýrri bílar séu með betri öryggisbúnað.

SAMGÖNGUR Bílafloiti landsins heldur áfram að eldast. Þetta sýna bæði tölur yfir nýskráða bíla og tölur yfir bíla sem skilað hefur verið til úrvinnslu. Á árunum fyrir hrún var í kringum átta þúsund bílum fargað á ári miðað við tæplega þrjú þúsund í fyrra samkvæmt tölum frá Úrvinnslusjóði.

Svipaða sögu má segja um nýskráða bíla, þeim snarfækkaði eftir hrún.

Afleiðingin er að meðalaldur bíla á Íslandi hefur hækkað úr 9,8 árum fyrir hrún upp í tæplega tólf ár.

„Þetta er í engum takti við það

sem það ætti að vera, miðað við eðlilega endurnýjun bílaflokans. Nú er reynt að keyra þetta eins lengi og mögulegt er. Óhóflega lengi miðað við öryggi bíla og eyðslu,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.

Rúnar Gestsson, framkvæmdastjóri Vöku, finnur fyrir sömu þróun mála en hann segir þá bíla sem koma inn til hans í verulega slæmu ástandi.

„Þetta eru bílar sem eru löngu komnir á aldur og ættu margir að vera komnir af götunni fyrir löngu. Menn keyra bara bílana þangað

12 ár er meðalaldur bifreiða á Íslandi. Fyrir hrún var meðalaldurinn tæp 10 ár.

til það er ekki möguleiki að halda þeim gangandi lengur.“

Özur Lárusson segir að þrátt fyrir að nýskráningum hafi fjölgað lítillega í ár frá því í fyrra, sé ástandið langt í frá viðunandi.

„Eðlileg endurnýjunarþörf bílaflokans er í kringum tólf til fjórtán þúsund nýskráðir fólk bílar á ári.

Við reiknum með að þetta geti orðið 6.500 bílar í ár.“

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að langt sé síðan stofnunin lýsti yfir áhyggjum af þróuninni.

„Bílar eru alltaf að verða betri með tilliti til öryggis. Þess vegna er það mjög miður ef við höldum ekki í þá þróun með endurnýjun bílaflokans. Því eldri sem bílarnir eru þeim mun meiri líkur eru á að ekki sé allt í fullkomnu lagi. Þannig að við höfum af þessu áhyggjur, það er ekkert launungarmál.“

- ktg



Best að borga skuldir

Jón Helgi Guðmundsson í BYKO óttast ekki að missa viðskiptaveldi sitt.

viðskipti 20

Lífseigur bragðarefur

Sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson skrifar um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar.

stjórnmál 22



Álfurinn og forsetafrúin

Magnús Scheving tekur upp auglýsingu með Michelle Obama í Hvíta húsinu.

fólk 50

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fólk | Atvinna



VIÐ HÚNAFLÓA Á Vatnsnesi er að finna ein aðgengilegustu og stærstu sellátur á Íslandi, þar sem skoða má landseli í návígi. Tvær tegundir sela eru staðbundnar við strendur Íslands, landselurinn og útselur. Auk þeirra koma nokkrar tegundir farsela frá norðlægari slóðum reglulega inn á íslenskt hafsvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Selastofnarnir hafa minnkað verulega

NÁTTÚRA Stofnar landsels og útsels eru mun minni en þeir voru árið 1980 þrátt fyrir takmarkaða veiði frá þeim tíma. Fækkunin hefur mest orðið í Breiðafirði, Faxaflóa, við suðurströndina og Austfirði.

Erlingur Hauksson, sjávarlíffræðingur hjá Selasetrinu á Hvammstanga, telur að tvennt

komi helst til. „Það er engin ein skýring á fækkun á sel. Ein gæti verið veiði á vissum svæðum við landið, og þá ekki síst grásleppuveiðarnar grunar mig. Við Suðurland, þar sem sel hefur fækkað mikið, horfir maður helst til fækkunar á sandsíli, sem var mikilvægur hluti af fæðu dýranna.“

Erlingur hefur afturreiknað landselastofninn til aldamótanna 1900 út frá veiðitölum. Hann telur stofninn þá hafa verið um 40 þúsund dýr, og jafnvel stærri.

Í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna segir að árið 2011 hafi borist upplýsingar um veiðar á 396 selum við

Ísland, sem er líklega mjög vantalið. Árið 1986 var veiðin á sjötta þúsund dýr.

Við Ísland er landselastofninn nú talinn vera um ellefu þúsund dýr, eða þriðjungur þess sem hann var árið 1980. Stofn útsels er talinn vera um sex þúsund dýr, en var helmingi stærri fyrir áratug. - shá

100Mb/s internet
fyrir 1.995 kr.
hringdu.is/ljos

Hringdu
- Það er ódýrara

LJÓSLEIÐARINN

MYNDAVÉLATILBOÐ

OLYMPUS

SJÁIÐ ÖLL
TILBOÐIN
Á SM.IS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

Opið
til **18**
í dag

Smáralind



Sigurjón, voru einhver klækja-brögð á bak við þetta?

„Nei, en það voru brögð í tafli hjá ýmsum öðrum.“

Sigurjón Pálsson hlaut á fimmtudag Blóðdropann, hin íslensku glæpasagna-verðlaun, fyrir bók sína Klæki.



BÓKAORMUR Í hverri viku í sumar verður nýr bókaormur dreginn úr potti Borgarbókasafns og kynntur á Krakkasíðu Fréttablaðsins. Muhammed Faisal Ólafsson er fyrsti vinningshafinn.

Krakkar hvattir til sumarlesturs

MENNING Í sumar efnir Borgarbókasafnið og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO til sumarlesturs fyrir börn á öllum aldri. Til að taka þátt þarf að koma við í einu af sex söfnum Borgarbókasafnsins þegar bók hefur verið lesin og skrifa nafn sitt, aldur, heiti bókar og símanúmer á blað í formi sólargeisla. Geislanum er svo komið fyrir á lestrarsólinni sem skáldfakurinn Sleipnir gætir í söfnunum.

Í hverri viku verður einn bókaormur dreginn úr pottinum. Sá fær bók að launum frá Forlaginu og verður jafnframt kynntur á Krakkasíðu Fréttablaðsins. Í sumarlok verður svo dregið úr nöfnum allra þátttakenda sumarsins. Sá ljónheppni sem kemur upp úr pottinum þá fær reiðhjól frá Erninum.

- hhs / sjá síðu 34

FLUGSAMGÖNGUR

EKKI BEINT FLUG TIL EGILSSTAÐA Iceland Express hefur hætt við beint flug á milli Egilsstaða og Kaupmanna-hafnar í sumar. Illa gekk að selja flug-sætin. Ríkisútvarpið greindi frá.

★★★★★
PBB/FRTM

ELÐAR KVIKNA
SUZANNE COLLINS

HUNGERLEIKARNIR HALDA ÁFRAM
SUZANNE COLLINS

INNBUÐIN KILJA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Íslenska verkefnið Vox Naturae var kynnt á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu:

Ísland vitundarvakning um mikilvægi jökla og íss

NÁTTÚRA Íslenska verkefnið Vox Naturae var kynnt á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, sem haldin er í Brasilíu. Verkefninu er ætlað að bregða ljósi á mikilvægi jökla og íss og þau áhrif sem hlýnun jarðar hefur.

Dr. Ania Grobicki, aðalritari samtakanna Global Water Partnership, en það eru stærstu alþjóðasamtök um sjálfbæra notkun á vatnsauðlindum jarðar, fjallaði um verkefnið. Hún sat í pallborði á fundi um mikilvægi fjallgarða fyrir hið græna hagkerfi, ásamt ráðherrum

og forsvarsmönnum alþjóðastofnana.

Verkefnið Vox Naturae felst meðal annars í gjörningi við Svínafellsjökul, en í september 2013 verður jökullinn lýstur upp og tónlist Bergljótar Arnalds, sem byggir á hljóðum jökla, ljær jöklinum rödd. Þá verður hleypt af stokkunum alþjóðlegum verkefnum varðandi áhrif loftslagsbreytinga á jökla, ís og vatn.

Páll Ásgeir Davíðsson, framkvæmdastjóri Vox Naturae, segir mikilvægt að verkefnið hafi fengið



SVÍNAFELLSJÖKULL Jökullinn verður lýstur upp í september 2013 undir tónlist Bergljótar Arnalds.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þessa kynningu í Brasilíu. Hann segir vandamálið varðandi loftslagsbreytingar það að þær gerist svo hægt að erfitt sé að sjá þær.

„Skýrasta merkið sem náttúran sendir okkur er bráðnun íss og jökla. Ísinn er hitamælir jarðarinnar og við hér í norðri berum ákveðna ábyrgð. Með okkar sagnahefð og nálægð við jöklana getum við sýnt heiminum hvað er að gerast fyrr en nokkur annar.“

Dr. Grobicki sagði á fundinum að Ísland yrði vettvangur fyrir einstaka vitundarvakningu um vægi íss og jökla fyrir mannkynið allt.

- kóp

Líkið lá í minnst tvo daga í herberginu

Hlífar Vatnar stakk Þóru Eyjalín 30 sinnum þegar hann myrta hana í febrúar. Hann gaf sig sjálfur fram tveimur dögum eftir árásina. Hlífar hafði áður beitt hana ofbeldi. Tílfni árásarinnar er talið hafa verið peningadeilur.

DÓMSMÁL Hlífar Vatnar Stefáns-son hefur játað fyrir dómi að hafa orðið Þóru Eyjalín Gísladóttur að bana í febrúar. Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Hann stakk hana 30 sinnum. Tvö stungusáranna voru lífshættuleg. Áverkar á hálsi drógu hana til dauða.

Hlífar Vatnar gaf skýrslu fyrir dómnum í gær og bar þá fyrir sig minnisleysi. „Þetta er ómurlagt, ég ætlaði aldrei að drepa þessa manneskju,“ sagði hann í héraðsdómi. Hann segir Þóru hafa verið besta vin sin. Þau hafi verið í mikilli ritalínneyslu svo hann gat ekki sagt nákvæmlega til um það hvenær hann réðst á Þóru. Hann segist halda að það hafi verið föstudagskvöldið 4. febrúar síðastliðinn. Talið er að þau hafi átt í ástarsambandi.

Talið er að ágreiningur vegna peninga hafi verið tílfni þess að Hlífar réðst á Þóru. Það var ekki fyrr en mánudagskvöldið 6. febrúar sem hann leitaði til lögreglu, upplýsti um morðið og bað um læknisástoð.

Fram kom í framburði vitna fyrir dómnum í gær að Hlífar hefði áður beitt Þóru ofbeldi svo á henni sá.

Faðir Hlífars Vatnars bar vitni fyrir dómnum og sagðist ekki hafa vitað af Þóru í herberginu þar sem hún var myrt. Hann hefði fundið skritna lykt í íbúðinni á sunnudegi en ekki gert sér grein fyrir því þá að um nálykt væri að ræða. Hann sagði að Þóra hefði verið óvelkomin á heimili þeirra þar sem hún fannst látin. Hann hefði bannað henni að koma



Í JÁRNUM Hlífar Vatnar var leiddur fyrir dóminn í járnum í fylgd lögreglu. Hann hefur játað morðið á Þóru fyrir dómi og geðlæknir segir hann iðrast gerða sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þangað og vissi ekki að hún væri þar umrædda helgi.

Frænka Þóru bar vitni fyrir dómnum og sagði að Þóra og Hlífar hefðu bæði verið í miklu „rugli“. Sjálf hefði hún verið óörugg gagnvart honum og vildi ekki hitta hann.

Þá bar blóðferlafræðingur lögreglunnar vitni og lýsti aðkomunni. Lífsýni úr blóði á morðvopninu og úr fórnarlambinu voru samstæð. Þá fundust í litlu herberginu, þar sem Þóra var myrt, blóðblettir á vegg, á gólfi og stór blóðferill þar sem greina mátti hreyfingu fórnarlambinsins. Þá voru blóðtaumar á veggnum og

nokkuð stór blóðblettur við rúmgaflinn.

Á líkinu fundust merki um að Þóra hefði reynt að verjast árásum en einnig þó nokkur stungusár sem unnin voru eftir andlát hennar.

Sigurður Páll Pálsson geðlæknir sá um að meta geðheilbrigði Hlífars og sagði hann iðrast þrátt fyrir að hann reyndi að verjast hugsunum um atburðinn og umræðu um hann.

Saksóknari fór fram á það í héraðsdómi í gær að Hlífar Vatnar yrði dæmdur í 16 ára fangelsi og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

birgirh@frettabladid.is

Verðmæti í umbúðum:

224 milljónum hent í ruslið

UMHVERFISMÁL Átta milljónir skilgjalddsskyldra áldósa lenda í almennu heimilissorpi landsmanna á ári hverju. Með þessum hætti verða Íslendingar af andvirði 112 milljóna króna árlega.

Fram kemur í Drögum að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs að líklega mætti tvöfalda þessa tölu ef plast- og glerumbúðir væru reiknaðar með.

Þetta þýðir að samanlagt verða íslenskir neytendur af 224 milljónum á ári hverju með þessum hætti.

- ktg



ÁSTRALSKUR RÍSAVAMBI Pokinn á maga rísavambans var nægilega stór til að rúma fullvaxta mann.

NORDICPHOTOS/APP

Gullnáma fornleifafræðinga: Fundu fimmtíu beinagrindur

ÁSTRALÍA Fornleifafræðingar í Ástralíu fundu um fimmtíu beinagrindur af svokölluðum rísavömbum í Queensland í gær. Beininn munu líklega gefa vísindamönnum betri skýringar á því hvers vegna tegundin dó út.

Rísavambi er stærsta poka-dýr sem uppi hefur verið og getur poki þess rúmað fullvaxna manneskju. Þeir lifðu á plöntum og voru á stærð við nashyrning. Talið er að beinagrindurnar sem fundust í gær séu á bilinu 100 þúsund til 200 þúsund ára gamlar. Ástralir kalla uppgötvunina „Gullnámu fornleifafræðinga“.

- sv

Börkur Birgisson viðurkenndi að hafa hrækt á dómara og sagt „tussa“ í dómsal:

Vill fjögurra mánaða fangelsi

DÓMSMÁL Saksóknari í máli Barkar Birgissonar fer fram á fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir að hrækja á skikkju dómara og kalla til hans ókvæðisorð. Börkur er ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni.

Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Þegar verið var að leiða Bork inn í húsið laust fyrir klukkan níu, hljóp að honum ungur maður í annarlegu ástandi og reyndi að rétta honum úlpu. Lögreglumenn ráku manninn í burtu, en hann fór þá inn aðaldramegin og hóf að stympast við lögreglumennina. Að sögn fréttamanns RÚV á staðnum hvatti Börkur manninn til dáða á meðan, en hann var svo handtekinn og færður í fangageymslu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var ekkert ólögmætt í úlpunni og ekki ljóst hvað manninum gekk til, en hann var í annarlegu ástandi. Málið er lítið af af alvarlegum augum og verður ekki lokið með sektar-greiðslum. Þannig verður hann líklegast ákærður fyrir brot gegn valdstjórn.

Börkur játaði fyrir dómi að hafa hrækt á dómara í Héraðsdómi Reykjaness á dögum, en kvaðst hafa beint orðinu „tussa“ að öðrum einstaklingi í salnum.



LEIDDUR FYRIR DÓMARA Börkur huldi andlit sitt með lambhúshettu þegar hann var leiddur inn í dómsal í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auk þessara brota er Börkur ákærður fyrir fjölmörg ofbeldisbrott ásamt Annþóri Kristjáni Karlssyni og fleirum. Börkur og Annþór eru að auki grunaðir um að hafa orðið samfanga sínum að bana á Litla-Hrauni.

- sv

husa.is

HELGAR TILBOÐ

20% AFSLÁTTUR AF FERÐA- OG GARÐHÚSGÖGNUM



20%
AF FERÐA-
HÚSGÖGNUM*

STEIKARAHNÍFAR
„Non-stick“, mega fara
í uppvottavél
4.990 KR.



20%
AF GARÐ-
HÚSGÖGNUM*



JOTUN AKRYL MUR
Silkímótt alkilþolin 100% akrýl-
málning á stein utanhús.
Hágæða útmálning! 3 ltr.
VERÐ ÁÐUR 7.695

NÚ 6.495 KR.



DEMI DEKK, þekjandi olíu/akrýl
viðarvörn á allt timbur. Endist í
allta að 10-12 ár! 3 ltr.
VERÐ ÁÐUR 8.799

NÚ 7.495 KR.



TREBITT
Pallaolía, þriggja ára ending! 3 ltr.
ÁÐUR 8.995

HELGARTILBOÐ:
6.995 KR.

Hengitóbakshorn og hortensia

Hengitóbakshorn
Stór og flott,
17 cm pottur

VERÐ ÁÐUR 2.799
NÚ 1.990 KR.

Hortensia
Enn stærri og flottari!

VERÐ ÁÐUR 4.590
NÚ 2.990 KR.

FRÁBÆRT
VERÐ!

Trjáplöntuveisla í Blómavali!

Allir toppar, allir kvistir, rifsber,
ýmsar sígrænar tegundir.

Aðeins **999 kr.**

Loðvíðir, gljámispill, alparífs

Aðeins **690 kr.**

Fjöldi annarra tilboða!



FRÁBÆRT
VERÐ!

Nýttu ávísunina strax!

Ávísun á sumarauka kom inn á öll heimili
landsins í vikunni. Ávísunin gildir sem 3.000 kr.
innborgun í verslunum Húsasmiðjunnar og
Blómavals um land allt, ef keypt er fyrir 10.000 kr.
eða meira.

Nýttu ávísunina strax, því hún gildir aðeins til 1. júlí.



*Tilboðið gildir ekki af Lægsta lága verðinu eða tilboðsvörum.

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	125,72 126,32
Sterlingspund	196,11 197,07
Evra	157,7 158,58
Dönsk króna	21,21 21,334
Norsk króna	21,083 21,207
Sænsk króna	17,913 18,017
Japanskt jen	1,5642 1,5734

SDR 190,3 191,44

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,6679

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný skoðanakönnun MMR: Ólafur með forskot á Þóru

FORSETAKIÖR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur tæplega 8 prósentustiga forskot á Þóru Arnórsdóttur samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR á fylgi forsetaframbjóðenda.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 44,5% myndu kjósa Ólaf Ragnar og 36,9% Þóru Arnórsdóttur. Þá sögðust 10,1% myndu kjósa Ara Trausta Guðmundsson og 4,6% Herdísí Þorgeirsdóttur. Loks sögðust 2,0% myndu kjósa Andreu J. Ólafsdóttur og 1,9% Hannes Bjarnason.

Könnunin var framkvæmd 13. til 19. júní 2012. Alls svöruðu könnuninni 1.816 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára sem valdir voru handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR.

- mþl

Bensín dýrara á Íslandi: Lítrinn ætti að kosta 180 krónur

VÍÐSKIPTI Ólíuverð hefur lækkað mikið á alþjóðamörkuðum undanfarnin misseri, en útsöluverð á bensíni til almennings hér á landi hefur ekki fylgt þeirri þróun. Líklegt er að bensínverð ekki fylgi frekar á næstunni.

Sé lækkinun skoðuð, og tímabilið frá 1. mars á þessu ári til dagsins í gær sérstaklega, sést að verðið á alþjóðamörkuðum hefur lækkað um tæplega 30 prósent í krónum talið. Bensínverðið til neytenda hefur hins vegar ekki fylgt þróuninni, en það var að meðaltali 254,5 krónur á lítrann 1. mars en í gær var það 241,65 krónur á lítrann. Lækkunin nemur því um 5 prósentum.

Ef verðið hefði alveg stýrst af verðþróun á alþjóðamörkuðum þá ætti bensínverðið að vera tæplega 180 krónur á lítrann.

- mh



Reglugerð um hollustuhætti matvæla breytt til að krefja strandveiðisjómenn um rétta meðferð afla:

Kröfur hertar um kælingu á fiskinum

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið hefur breytt reglugerð um hollustuhætti matvæla til að tryggja kælingu fisks. Reglugerðarbreytingin er sett að stærstum hluta vegna strandveiða.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að kannanir hafi leitt í ljós að kæling á lönduðum botnfiski sé í mörgum tilvikum ófullnægjandi; fiski sé landað illa eða óisuðum. „Á þetta einkum við um afla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir. Þá er of algengt að fiskur sem geymdur er utandyra sé ekki varinn fyrir sól og utanaðkomandi mengun eins og góðir framleiðsluhættir kveða á um.“

Örn Pálsson, formaður Landssambands smábátasjómannna, telur að sjómenn geti að öllum líkindum orðið við tilmælunum, enda sé stór hluti strandveiðisjómannna með ís um borð og skili kældu hráefni eftir veiðiferðir.

Spurður hvort allar hafnir, þar sem fiski úr strandveiðibátum er landað, hafi tiltækan ís fyrir sjómenn, segir Örn að þar liggi kannski stærsta vafamálið. „Þessi skylda hvílir á fiskkaupandanum og sveitarfélögunum sem taka á móti fiskinum. Ef ís er til staðar er þetta ekkert vandamál.“

Reglugerðin tekur gildi 1. september 2012 við upphaf nýs fiskveiðiárs.

- shá



LÖNDUN Hér er fiskur og ís um borð, en nú krefst ráðuneytið þess að allur fiskur sé ísaður um borð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bakkavarararbræður gera milljarðatilboð í félagið

Ágúst og Lýður reyna að eignast Bakkavör Group að fullu. Hafa gert milljarðatilboð í aðra hluti. Enginn söluvilji hjá stærstu eigendum. Innan raða þeirra furða menn sig á hvernig tilboðin eru fjármögnuð.

FRÉTTASKÝRING

Munu Ágúst og Lýður eignast Bakkavör?

Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir hafa gert tilboð til allra hluthafa í Bakkavör Group og vilja eignast félagið sem þeir stofnuðu að fullu. Þeir hafa boðið verð sem er herra en það sem var á nýlegri hlutfjárakningu. Þar eignuðust bræðurnir 25 prósent hlut fyrir um fjóra milljarða króna. Miðað við það er ljóst að bræðurnir hafa boðið á annan tug milljarða króna hið minnsta í hlut annarra í Bakkavör Group.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þeir boðist til að greiða í reiðufé og að ekki sé um lánsfé frá fjármálastofnunum að ræða. Viðmælendur Fréttablaðsins innan lífeyrissjóða sem eiga hluti í Bakkavör Group segja mikið rætt um það hvaðan peningarnir sem bræðurnir séu að bjóða komi, enda hafi öll stór félög sem þeir áttu í fyrir bankahrun orðið gjaldþrota eða lent í annars konar fjárhagslegum hremmingum. Á meðal þeirra eru Kaupþing, Exista (sem í dag heitir Klakki) og Bakkavör. Ágúst er í dag forstjóri Bakkavarar og Lýður stjórnarformaður félagsins.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stórir innlendir hluthafar ætli sér ekki að taka tilboði bræðanna og vinni nú að því að mynda meirihlutablokk í stjórn félagsins til að tryggja yfirráð sín. Bæði sé tilboðið of lágt miðað við núverandi félagsins, sem er talið vera allt að


40 milljarðar króna, auk þess sem vonir séu bundnar við að virðið muni aukast. Velta Bakkavarar Group á árinu 2011 var enda rúmlega 320 milljarðar króna og því ljóst að félagið er mjög verðmætt ef vel tekst til að endurskipuleggja það.

Eins og staðan er í dag á Arion banki 34 prósent hlut í Bakkavör Group og er stærsti einstaki eigandi félagsins. Þá á Lífeyrissjóður verzlunarmanna sjö prósent og Gildi lífeyrissjóður um fimm prósent hlut. Þessir þrír aðilar mynda bakbeinið í meirihlutablokkinni. Auk þess hafa smærri lífeyrissjóðir og sjóðir í stýringu banka sem eru í hluthafahópnum heitið að standa að henni.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) seldi hins vegar allan eignarhlut sinn í Bakkavör Group eftir að hugmyndir komu upp um hlutfjárakninguna sem leiddi til þess að bræðurnir urðu aftur eigendur í félaginu.

Haukur Hafsteinnsson, framkvæmdastjóri LSR, sagði við Fréttablaðið 6. júní síðastliðinn að salan hefði verið vegna þess að sjóðurinn hefði ekki verið sáttur við þær hugmyndir sem kynntar voru á hluthafafundi Bakkavarar í maí um hlutfjárakninguna. Hann sagði að tilboðið hefði komið í gegnum ótengdan aðila. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það þó bræðurnir Ágúst og Lýður sem eignuðust á endanum þann hlut og greiddu um einn milljarð króna fyrir.

thordur@frettabladid.is



STOFNENDUR Bræðurnir hafa gengið á milli annarra hluthafa undanfarna daga og boðist til að kaupa hluti þeirra í Bakkavör Group.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kröfuhafar með stjórnartaumannna


Á aðalfundi Bakkavarar Group sem haldinn var 23. maí síðastliðinn samþykktu kröfuhafar umtalsverðar breytingar á félaginu. Í þeirri breytingu fólst meðal annars að íslenskir kröfuhafar Bakkavarar Group, að mestu bankar og lífeyrissjóðir, breyttu kröfum sínum í hlutafé og eignuðust félagið að mestu. Samhliða fengu Ágúst og Lýður Guðmundssynir að kaupa um fjórðungshlut í því á um fjóra milljarða króna. Á sama tíma var samþykkt að afnema hluthafasamkomulag þess efnis að bræðurnir myndu vera með meirihluta stjórnarmanna í Bakkavör Group sem hafði verið í gildi frá gerð nauðasamnings félagsins árið 2010. Þeir aðilar sem standa að myndun meirihlutablokkar innan Bakkavarar munu því fá meirihluta stjórnarmanna gangi áformin eftir og stýra félaginu í kjölfarið.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

BLÍÐA Veðrið leikur við landsmenn þessa dagana. Hægvíðri eða hafgola ríkja og búast má við að sólin láti sjá sig í öllum landslutum. Úrkoma er með minnsta móti en einhverjar skúrir falla síðdegis næstu daga. Nokkuð hlýtt er á landinu, allt að 20°C.

Á MORGUN Hægvíðri eða hafgola.



MÁNUDAGUR Hæglætisveður um allt land.

HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	28°
Berlín	22°
Billund	14°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	25°
London	18°
Mallorca	33°
New York	29°
Orlando	26°
Ósló	15°
París	21°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE HELGI

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM

**GARÐBORD, GARÐSTÓLAR, BEKKIR
OG SESSUR Á TAX FREE AFSLÆTTI**

ATHUGIÐ TILBOÐIN GILDA AÐEINS
FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

Tax Free tilboð jafngildir 20.32% afslætti.
Afslátturinn er á kostnað Rúmfatalagersins.
Virðisauka er að sjálfsgöðu skilað til ríkissjóðs.

ALLIR
BLÓMAPOTTAR
30%
AFSLÁTTUR



TILBOÐIN GILDA TIL 24.06.12

Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri



KJÖRKASSINN



Endurvinnur þú rusl?

Já	57,5%
Nei	42,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að lesa glæpasögu í sumar?

Segðu þína skoðun á Visir.is

Yfirlýsing frá Agli Einarssyni:
Gagnrýnir orð fólks á netinu

LÖGREGLUMÁL Egill Einarsson vill fá skýringar á því hvers vegna



EGILL EINARSSON

mál hans tók jafn langan tíma að fara í gegn um kerfið og raun bar vitni.

Í yfirlýsingu frá Agli segir að orð margra á netinu og víðar í kring um

málið ættu að vera fólki umhugsunarefni. „Háskólakennarar, rit höfundar, embættismenn, stjórn málamenn og fjölmargir aðrir gengu miklu lengra en eðlilegt getur talist, svo mjög að á tímabili fékk ég það hreinlega á tilfinninguna að það væri einlæg von nokkurra þeirra sem dómharðastir voru, að nauðgun hefði átt sér stað!“ Egill hefur alla tíð lýst yfir sakleysi sínu og unnstu sinnar.

Fjárfestar frá Suður-Kóreu:

Ásælast námur á Grænlandi

GRÆNLAND Suðarkóreskir fjárfestar hafa sýnt áhuga á að kaupa stóran hlut í Kvanefjeld-námuni á Grænlandi. Þetta kemur fram á vef Berlingske.

Á vefnum er því haldið fram að hópurinn sé reiðubúinn að veita sem svarar 320 milljörðum íslenskra króna í námuna.

Í námuni má finna ýmsar gerðir af málum sem mikilvægir eru í hátækniönaði, en einnig er þar töluvert magn af úrani.

Málið þykir háþólitískt, því með fjárfestingunni yrði stór hluti af grænlandsku hagkerfi háður erlendum fjárfestum. Einnig þykir málið vafasamt af öryggisástæðum vegna úransins.

- sv

Verðkönnun Alþýðusambands Íslands:

144% verðmunur á bossakremi

NEYTENDUR Það er dýrast að kaupa aðrar vörur en lyf í Apótekanum á Akureyri. Skipholtsapótek fylgir fast á hæla Apótekarans og er með næstdýrustu vörurnar á landinu. Lægsta verðið var oftast í Lyfjum og heilsu á Selfossi. Þetta kemur fram í nýrri verðlagskönnun sem Alþýðusambands Íslands gerði fyrr í vikunni.

Mesti verðmunurinn reyndist vera á bossakreminu Lansinoh í 85 gramma umbúðum. Kremið var dýrast á 2.819 krónur í Urðarapóteki á Vinlandsleið en ódýrast

í Reykjavíkur apóteki á Seljavegi á 1.665 krónur. Munurinn nam 144 prósentum.

Í könnuninni var sólarvörn sérstaklega skoðuð og reyndist almennt 20 til 40 prósent verðmunur á hæsta og lægsta verði.

Sem dæmi má nefna sólarvörn frá Eucerin (30 UVA, 150 ml) sem var dýrust á 3.133 krónur í Lyfjavalí Álftamáryri en ódýrust á 2.375 krónur í Akureyrarapóteki Kaupangi. Verðmunurinn var því 32 prósent.

Árbæjarapótek neitaði að taka þátt í könnuninni.

- ktg



APÓTEK Lyf og heilsa á Selfossi var oftast með lægsta verðið.

Rannsaka 7.000 ára fornleifar:

Elstu merki um notkun á mjólk

VÍSINDI Efnafræðilegar rannsóknir á leifum af ílátum sem talin eru um 7.000 ára gamlar sýna að fólk í Norður-Afríku var byrjað að nýta sér mjólk úr nautgripum mun fyrr en áður hefur verið sýnt fram á, mögulega til að bregðast við þurrkum á svæðinu.

Ílátin fundust í Líbíu, og staðfesta rannsóknir að þau voru notuð til að geyma mjólk eða mjólkurafurðir. Áður voru elstu staðfestu munirnir sem sýndu fram á notkun mjólkur úr nautgripum um 2.500 ára gamlir.

- bj

Krafðist sýknu við lok réttarhaldanna

Réttarhöldunum yfir hryðjuverkamanninum Anders Behring Breivik lauk í gær. Hann hélt lokaávarpið í réttarhöldunum og fjöldi áhorfenda gekk út. Breivik vill vera metinn sakhæfur en jafnframt sýknaður af voðaverkunum.

NOREGUR Tíu vikna réttarhöldum yfir hryðjuverkamanninum Anders Behring Breivik lauk fyrir rétti í Ósló í gær. Breivik hélt lokaávarpið í réttarhöldunum þar sem hann krafðist þess að vera látinn laus og hélt því fram að sagan myndi hreinsa hann af áburði. Fjölmargir áhorfendur í salnum yfirgáfu hann áður en Breivik hóf að tala.

Breivik ávarpaði réttinn og ræddi um allt það sem honum þykir rangt í heiminum, til að mynda það að fólk sem ekki væri upprunnið í Noregi syngi fyrir hönd landsins í Eurovision og um kynlífshegðun sögupersóna í þáttunum Sex and the City. Þá hélt hann því fram að skoðanasystkini sín stæðu á bak við sprengiefni sem fundust við kjarnorkuver í Svíþjóð í vikunni og varaði við mun stærri hryðjuverkum sem væru í undirbúningi. Hann fór yfir voðaverk sín og sagði áráris sínar þann 22. júlí í fyrra hafa verið fyrirbyggjandi og gerðar til að vernda innfædda Norðmenn. Hann myrtaði sem kunnugt er 69 manns í Útey og varð átta að bana með sprengju í Ósló.

Fyrr um daginn hafði verjandi hans, Geir Lippestad, reynt að færa rök fyrir því að skjólstaðingur hans væri sakhæfur. Hann fór einnig fram á að Breivik yrði sýknaður af ákærinni. „Hann gerði sér grein fyrir því að það væri rangt að drepa en hann valdi að drepa. Það er það sem hryðjuverkamenn gera. Tilgangurinn helgar meðalið. Maður skilur það ekki ef maður skilur ekki menningu öfgahægrimanna,“



LOKAORÐIN Geir Lippestad krafðist þess fyrir dómi að Breivik yrði sýknaður, en aðal krafan var samt sem áður að hann yrði metinn sakhæfur. Eftir að Lippestad lauk máli sínu fékk Breivik að ávarpa salinn, og gengu fjölmargir áhorfendur úr salnum áður en hann hóf að tala.

NORDICPHOTOS/AFP

Hann gerði sér grein fyrir því að það væri rangt að drepa en hann valdi að drepa. Það er það sem hryðjuverkamenn gera.

GEIR LIPPESTAD
VERJANDI BREIVIKS

sagði hann. Breivik væri því ekki haldinn ranghugmyndum þegar hann segðist vera í baráttu um að vernda Noreg og Evrópu fyrir múslimum. Það væri hluti af stjórnmalaskoðunum hans, sem aðrir öfgahægrimenn deildu.

Fimm dómarmenn munu nú dæma í málinu og úrskurða hvort Brei-

vik teljist sakhæfur eða ekki. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur sálfræðingum ekki borið saman um andlegt ástand hans.

Saksóknarar krefjast þess að hann verði fundinn ósakhæfur og verði því vistaður á geðsjúkrahúsi svo lengi sem hann er talinn veikur og hættulegur öðrum. Það gæti þýtt að hann yrði lokaður þar inni til æviloka. Verði hann dæmdur sakhæfur fær hann líklega þingsta mögulega dóm, 21 ár í fangelsi, með möguleika á framlengingu svo lengi sem hann er talinn ógn við samfélagið.

Dómur verður að öllum líkindum kveðinn upp þann 24. ágúst.

thorunn@frettabladid.is



ÁLFTANES Sveitarfélagið hefur átt í fjárhagserfiðleikum eftir efnahagshrunið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Dagsetning ákveðin:

Kosningar um sameiningu

SVITARSTJÓRNARMÁL Íbúum í Garðabæ og á Álftanesi gefst kostur á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna þann 20. október næstkandi.

Samþykkt var á fundum bæjarstjórnanna beggja bókun þess efnis á fimmtudag. Tvær umræður um álit samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna hafa farið fram samkvæmt lögum. Atkvæðagreiðslan mun fara fram samhliða þjóðar-atkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna.

Bæjarstjórnir sveitarfélaganna eru sammála um að sameining sveitarfélaganna sé menningarlega, skipulagslega og rekstrarlega hagkvæmur kostur.

Tillögurnar verða kynntar íbúum með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

- bþ

NEYTENDAMÁL

BL innkallar jeppa

BL hefur innkallað Nissan Navara (D40) og og Nissan Pathfinder (D51). Ástæðan er galli í útbúnaði á bílstjórásæti sem getur leitt til þess að stjórnborð fyrir sætisstillingar verður óvirkt. Navara-bíffreiðarnar sem innkallaðar eru voru framleiddar á tímabilinu 30. maí 2005 til 29. september 2009 og Pathfinder-bíffreiðarnar frá 1. nóvember 2004 til 5. nóvember 2009. Um er að ræða 313 bíffreiðar.

Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokk Tilboðsdagar í júní!



Tempur® Cloud
heilsurúm 180 x 200 cm
TILBOÐ 375.840,-
Verð áður 469.800,-

20%
afsláttur12
mánaða
vaxtalaus
kjör

*3,5% lántökugjald.

Nú er bjart
Öllum rúmum fylgir
Day Dream®
svefngríma

Betra
BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

TAX FREE

ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



SKÓAÐU ÞIG UPP!

skór á alla fjölskylduna



Gino Venturi

DreamTeam

bullboxer

ecco

aze

STUDIO
London

FILANTO

SKOPPA & SKRITLA

VIKING
Guaranteed waterproof footwear

m kids

Ella
SHOES

Duffy



true

REYKJAVÍK VÖNDLÖK
FOR



Waterland



Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. júní 2012.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Á innviðum hvaða þekktu húss í miðborg Reykjavíkur er verið að gera endurbætur þessa dagana?
2. Hvað heitir eiginkona Hollywood-stjörnunna Johnny Depp sem hann er að skilja við?
3. Hvaða íslenski knattspyrnumaður er líklega á leið til Wolves í ensku knattspyrnunni?

SVÖR:

1. Menntaskólinn í Reykjavík 2. Vanessa Parádis 3. Þjón Bergmann Sigurðarson

Heimsmarkaðsverð á pappír hefur hækkað um tæpan helming á síðustu árum:

Verð á umbúðapappír hækkar um 43 prósent

VERSLUN Heimsmarkaðsverð á pappír sem notaður er í umbúðir hefur hækkað um rúm 43 prósent á síðustu þremur árum. Árið 2009 kostaði tonnið af bylgjupappír, sem notaður er í flestar gerðir pappakassa, um 440 evrur en hefur nú hækkað upp í 630 evrur.

Pappír sem notaður er í smærri tegundir umbúða, eins og undir morgunkorn, kökur og sjávarafurðir, hefur hækkað að sama skapi. Verð á skrifstofupappír hefur hins vegar lækkað lítillega síðan í fyrra, þegar það náði hámarki.

Guðlaug Jónsdóttir, innkaupafulltrúi Odda, segir eftirspurnina eftir umbúðapappír síst fara minnkandi, þrátt fyrir hækkað verð.

„Umbúðir eru orðnar svo mikill partur af vörum,“ segir hún. „Þetta skilar sér svo að sjálfsögðu út í verðlagið hér.“

Oddi kaupir mestmegnis pappír frá Skandinavíu og Þýskalandi. Guðlaug segir óskandi að geta verslað við Bandaríkin og Kanada, en innanlandsflutningur í þeim löndum sé svo kostnaðarsamur að það borgi sig ekki.

Jóhann Oddgeirsson, framkvæmdastjóri Samhentra umbúðarlausna, segir verð á plasti hafa hækkað að sama skapi. „Hér áður fyrr voru meiri sveiflur þar sem pappírinn fór upp ákveðna árstíð og niður aðra,“ segir hann.

„Þetta hefur verið bara ein leið upp á við núna.“



STÓRIR VIÐSKIPTAVINIR Sjávarútvegsfyrirtækin eru einir stærstu viðskiptavinir Odda og Samhentra í kaupum á pappírumbúðum.

Auðlindir skýr eign þjóðar og arður af þeim sýnilegur

Tryggja verður að arður af auðlindum verði sýnilegur og aðskilinn frá öðrum fjármálum ríkisins. Tillögur um auðlindastefnu taka til sjö auðlinda. Samræma verður umsýslu og stofna auðlindasjóð og -reikning.

STJÓRNSÝSLA Stjórnvöld eru hvött til að færa alla umsýslu með auðlindum þjóðarinnar á eina hönd. Þá ber að stofna auðlindasjóð til að tryggja að auðlindaarðurinn og meðferð hans verði sýnileg og auðlindareikningur til að arðurinn sé aðskilinn frá öðrum fjármálum ríkisins.

Þetta er á meðal tillagna sem finna má í skýrsludrögum auðlindastefnufundar sem kynnt voru á málþingi í gær.

Þar kemur fram að besta tryggingin fyrir því að arður af nýtingu auðlindaþjóðarinnar verði sýnilegur, og honum ráðstafað með sýnilegum hætti, sé ákvæði í stjórnarskrá. Þá leggur nefndin til að ákvæði um ævarandi eign þjóðarinnar á auðlindum verði í stjórnarskrá, líkt og auðlindanefnd árið 2000 og stjórnlagaráð hafa einnig lagt til.

„Þegar farið er yfir alla skýrslugerð og stefnumótun á þessu sviði



URRIÐAFOSS Auðlindanefnd vill áráttu á því að auðlindir, þar með talið vatnsafl, séu þjóðareign. Arðurinn af þeim verði sýnilegur og einnig hvernig honum verði ráðstafað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

undanfarin ár, sem allir helstu sérfræðingar landsins á sviði auðlindamála hafa komið að, þá eru mjög einsleit skilaboð sem sjást út úr því. Það eru þau sömu grundvallaratriði og við erum að reyna að draga fram,“ segir

Arnar Guðmundsson, formaður nefndarinnar.

„Ef við ætlum að draga einhvern lærdóm af þeirri vinnu sem unnin hefur verið undanfarin ár, þá held ég að það sé spurningin um að reyna að byggja auðlindastefnu sem byggir á því að búa til grundvallarreglur um hvernig á að úthluta, með hvaða skilyrðum og hvernig arðinn er skipt. Þetta er alveg gegnumgangandi.“

Nefndin leggur til að komið verði á fót auðlindareikningi sem

Sjö auðlindir

- Vatnsafl
- Jarðvarmi
- Ferskvatn
- Fiskistofnar
- Losunarheimildir
- Land í þjóðlendum
- Kolvetni í jörðu

verði hluti af ríkisreikningi. Í þeim tilfellum þar sem um endurnýjanlegar auðlindir er að ræða er ekki gert ráð fyrir sjóðssöfnun, heldur verði arðinn úthlutað af auðlindareikningnum á sýnilegan máta. Með því sé hægt að tryggja sýnileika arðsins og meðferð hans.

Í tilvikum óendurnýjanlegra auðlinda er lagt til að sá hluti tekna á auðlindareikningi fari í auðlindasjóð, til að tryggja hagsmuni komandi kynslóða sem ekki njóta arðs af núverandi nýtingu auðlindanna. Þetta er meðal annars gert að fyrirmynd norska olíusjóðsins. Það eigi til dæmis við um mögulega gas- eða olíuvinnslu.

Nefndin telur einnig mikilvægt að sameina stjórnýslu allra auðlinda þjóðarinnar og koma á fót skrifstofu auðlindaumsýslu. „Við köllum eftir því að ríkið, sem er umsjónaraðili fyrir hönd þjóðarinnar, reyni að samræma stjórnýsluna á þessu sviði og reyni að færa þetta saman, en umsýslan með auðlindum sé ekki dreifð.“

kolbeinn@frettabladid.is

TÍMAMÓT Íbúar Malaví standa á erfiðum tímamótum. Fyrrum forseti landsins lést í apríl en hann ku hafa skilað slæmu búi til arftaka síns.

Samstarfsáætlun við Malaví:

Framkvæmd í hendur Malava

MALAVÍ Þáttaskil urðu á samstarfi Malaví og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) með nýrri fjögurra ára samstarfsáætlun sem tekur gildi í byrjun júlí.

„Öll framkvæmd verkefna verður í höndum Malava,“ er haft eftir Vilhjálmi Wiium, nýjum umdæmisstjóri ÞSSÍ, í fréttabréfi samtakanna.

Áður hafa ÞSSÍ stýrt samstarfinu og bæði séd um framkvæmdir og gerð fjárhags- og verkáætlana.

Hafin er vinna við sambærilegar áætlanir við Úganda og Mósambík.

- ktg

VERSLUNIN FLYTUR
25 - 50% AFSLÁTTUR!

tommy m

tommy m 4ra sæta sófi í handverkuðu anilin leðri.
Stærð 242 x 92 x 77 cm. Verð 841.000,- nú 630.750,-
Ath. lausir þúðar fylgja ekki með.



HEIMA
HÚSIÐ

mood lifum GALLERY GOLF

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opíð virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

Samræma þarf löggjöf

Auðlindareikningur á að birta tekjur þjóðarinnar af auðlindum sínum. Nefndin leggur til að sett verði rammalöggjöf um auðlindastefnu og auðlindaumsýslu ríkisins, eða lögð fram þingsályktunartillaga um málið. Í framhaldinu gæti eftir atvikum þurft að samræma sérlæg um nýtingu hvernar auðlindar.

„Þannig mætti með tiltölulega einföldum hætti móta ramma um auðlindaumsýslu ríkisins og tryggja sýnileika auðlindaarðsins og meðferð hans um leið og samræmd og öflug stjórnýsla verður til utan um eigendahagsmuni þjóðarinnar vegna auðlinda sinna,“ segir í skýrslunni.

Forsendur auðlindunefndar

Nefndin telur rétt að auðlindastefna íslensku þjóðarinnar eigi að vera almenn en einnig heildstæð, þannig að hægt sé að heimfæra hana yfir á aðrar auðlindir og takmörkuð gæði þar sem auðlindarent myndast ekki nú um stundir, eða ólíklegt er talið að hún myndist á næstu árum og áratugum.

Grundvallaratriði stefnunnar eigi einnig við um úthlutun sérleyfa til nýtingar annarra takmarkaðra gæða í atvinnuskyni. Grundvallarforsendur auðlindastefnu ríkisins telur nefndin eiga að vera:

- Varanlegur eignar- og yfirráðaréttur þjóðarinnar yfir sameiginlegum auðlindum sínum verði tryggður.
- Nýtingarrétti auðlinda í eigu þjóðarinnar verði aðeins úthlutað tímabundið, gegn gjaldi og með gagnsæjum hætti á grundvelli jafnræðisjónarmiða.
- Meðferð arðsins af auðlindunum, hluta auðlindarentunnar, skal vera þjóðinni sýnileg og auðlindaarðinn skipt með réttlátum hætti.



44

Nr. 44: Við ætlum að selja fyrirtæki í óskyldum rekstri

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Egilshöll er ein helsta eign fasteignafélagsins Regins.

Landsbankinn þinn er heiti á stefnu Landsbankans. Bankinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við stefnuna. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Landsbankinn hefur selt öll fyrirtæki í óskyldum rekstri

Eitt af markmiðum Landsbankans hefur verið að selja eignir í óskyldum rekstri. Stefna Landsbankans er að hámarka endurheimtur en á sama tíma tryggja gagnsæi og fylgja góðum viðskiptaháttum.

Á síðustu 24 mánuðum hefur Landsbankinn selt öll lífvænleg fyrirtæki í óskyldum rekstri sem hann hefur fengið yfirráð yfir í kjölfar rekstrarerfiðleika þeirra. Öll þessi rekstrarfélög eru nú komin í hendur eigenda sem geta einbeitt sér að uppbyggingu þeirra og vexti á komandi árum. Með þessum hætti hefur tekist að lækka verðmæti eigna sem Landsbankinn hefur haft til sölu um nærri 100 milljarða króna. Þetta styrkir fjárhagsstöðu bankans og einfaldar og skýrir rekstur hans.

Þau fyrirtæki sem seld hafa verið eru: Eignarhaldsfélagið Vestia (Húsasmiðjan, Vodafone, Skýrr, Teymi og Plastprent), Icelandic Group, Límtré Vírnet, Björgun, Pizza Pizza, Parlogis, Sólning og fleiri. Þá seldi bankinn nýverið hlut sinn í

Verði tryggingum og Verði líftryggingum auk þess að selja fjölda fasteigna og skráð verðbréf. Nú hefur 75% hlutafjár dótturfélagsins Regins verið selt og sú sala styrkir einnig uppbyggingu hlutabréfamarkaðar. Allar þessar aðgerðir bera með sér að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í kjölfar hrunsins fer senn að ljúka.

Jafnræði og gagnsætt sölufarli

Við sölu fyrirtækja fylgir Landsbankinn ákveðnum reglum og þeim sjónarmiðum sem Samkeppnis-eftirlitið beinir til fjármála-fyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Rekstrarfyrirtæki eru auglýst og boðin til sölu á almennum markaði, brjóti



það ekki gegn samningum eða lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans. Áætlanir um sölu fyrirtækja í samkeppnisrekstri eru kynntar innan sex mánaða frá yfirtöku þeirra og þau verðmetin af viðurkenndum sérfræðingum.

Landsbankinn mun áfram með milligöngu fagmanna selja minni fasteignir, fasteignafélög, ökutæki og lausafjármuni sem hann eignast. Lýsingu á sölufarli fullnustueigna má finna á vef bankans.





HITABYLGIJA Sumarið er sannarlega komið til New York-borgar og Tommaso Danielli notaði tækifærið og kældi sig niður í gosbrunni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GRUNDARTANGI Sífelld bættist í hóp fyrir tækja á iðnaðarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landsvirkjun og GMR: Samið um 10 MW af raforku

IBNAÐUR Landsvirkjun og GMR Endurvinnslan tilkynntu í gær að fyrirtækin hefðu komist að samkomulagi um nýjan raforkusölu-samning. Landsvirkjun afhendir GMR allt að tíu megavött af rafmagni til næstu sjö ára.

Orkuna mun GMR nota til að endurvinnna straumteina og tindaefni sem notað er við álframleiðslu. Jafnframt mun GMR endurvinnna og framleiða stál í stangir til útflutnings.

GMR áformar að hefja rekstur verksmiðju sinnar á Grundartanga í ársbyrjun 2013. Í fyrstu er gert ráð fyrir framleiðslu um 30 þúsund tonna á ári en framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 100 þúsund tonn á ári. - shá

Stofnandi ráðgjafarfyrirtækis segir styrki frá ESB vannýtt tækifæri á Íslandi:

Hjálpar fyrirtækjum að fá ESB-styrki

VIÐSKIPTI Nýtt ráðgjafarfyrirtæki, NýNA ehf., tók til starfa um síðustu mánaðamót en markmiðið stofnandans er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hvernig sækja megi um styrki frá Evrópusambandinu (ESB), þar á meðal um hina svokölluðu IPA-styrki sem veittir eru í tengslum við aðildar-umsókn Íslands að ESB.

„Ég held að þetta sé klárlega vannýtt tækifæri hér á Íslandi. Kannski ekki síst vegna þess að fæstir virðast meðvitaðir um þennan möguleika. Þá er mjög tíma-



MARÍA LÓA FRIÐJÓNSDÓTTIR

frekt að standa í umsóknum sem þessum og því talsverður kostnaður fólgin í því fyrir fyrirtæki að finna út úr þessu sjálf.“

segir María Lóa Friðjónsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri NýNA. María segir háar upphæðir í boði á íslenskan mælikvarða sem geti skipt lítil fyrirtæki verulegu

máli. „Við beinum sjónum okkar helst að skapandi greinum og ferðapjónustunni sem eru kannski þær greinar sem eru í örústum vexti á Íslandi. Ég tel mjög trúlegt að hægt sé að aðstoða fyrirtæki í þessum greinum að nálgast styrki innan úr ESB,“ segir María.

Fyrirtækið byggir á viðskiptaáætlun sem María vann á svokölluðu Brautargengisnámskeiði hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Var áætlun Maríu valin besta viðskiptaáætlunin úr hópi þeirra sem útskrifuðust af námskeiðinu í vor. - mpl

18 hótélgestir féllu:

Talibanar réðust á borgara

AFGANISTAN, AP Vígúrnir talibanskir uppreisnarmenn réðust inn í hótél norður af Kabúl, höfuðborg Afganistans, og skutu á gesti í gær. Átján féllu, flestir þeirra óbreyttir borgarar.

Uppreisnarmennirnir héldu hótélgestum í gíslingu í tólf klukkustundir á meðan þeir börðust við afganskar öryggissveitir. Talið er að með árásinni hafi talibanar viljað sýna styrk sinn áður en bandarískar hersveitir hverfa frá Afganistan í lok árs 2014. - bph

Hæstiréttur í Arkansasríki:

Mega ekki fram-selja vald sitt

BANDARÍKIN, AP Hæstiréttur í Arkansasríki í Bandaríkjunum hefur dæmt lög um dauðarefsingar þar ógild og segir þau ekki standast stjórnarskrá. Tíu fangar sem bíða þess að dauðadómi þeirra verði fullnægt höfðu áður gagnrýnt lögin.

Árið 2009 kaus ríkisþingið að ákvarðanir um dauðarefsingar myndu liggja hjá fangelsismálayfirvöldum ríkisins. Þá ákvörðun ógilti hæstiréttur og klotnaði í afstöðu sinni. Meirihluti dómara taldi löggjafarvaldið hafa afsalað valdi sínu til framkvæmdavaldsins. Það er ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna.

Arkansasríki hefur ekki tekið fanga af lífi síðan árið 2005, meðal annars vegna deilna um löggjöfina. - bph

GÓÐGERÐARMÁL

Góðgerðargolf Kiwanis

Góðgerðargolfleikur Kiwanishreyfingarinnar er í gangi, en ætluin er að slá golfkúlu meðfram hringvegnum. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sló upphafshöggð í leiknum. Leiknum lýkur 4. júlí í Reykjavík þegar Stefán Eiríksson lögreglustjóri slær lokahöggð. Safnað verður áheitum á hvert högg.

Landlæknir skal eyða gögnum eftir eftirlit


Landlækni ber að fá allar nauðsynlegar upplýsingar til að sinna eftirliti. Vissum gögnum ber þó að eyða að eftirliti loknu, samkvæmt nýju frumvarpi. Undarlegt að ekki hafi verið óskað eftir umsögn Læknafélagsins í málinu, segir formaður.

HEILBRIGÐISMÁL Landlækni ber að fá allar þær upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu sem hann óskar eftir til að sinna eftirliti sínu, en sumar má hann bara geyma í tiltekinn tíma. Heilbrigðisyfirvöld telja ótvírætt að læknum beri skylda til að afhenda landlækni þau gögn sem hann telur nauðsynleg og eru persónugreinanlegar upplýsingar þar með taldar. Þetta kemur fram í greinargerð frumvarps velferðarnefndar Alþingis um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu.

Helstu lagabreytingarnar eru þær að landlæknir má ekki varðveita persónugreinanleg gögn og upplýsingar sem aflað hefur verið á grundvelli eftirlitshlutverks, lengur en nauðsynlegt er. Slíkt á þó ekki við um varanlegar heilbrigðisráðgjafar á landsvísu. Varðveisla upplýsinganna standi því aldrei lengur en eftirlitsverkefnið og er sá tími almennt talinn í mánuðum frekar en árum.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands (LÍ), segir valdmörkin í frumvarpinu óskýr. „Það er lagt í hendurnar á landlækni að skilgreina hvaða skrár þetta eru og það virðist vera algjörlega opin heimild,“ segir hann. „Einnig ætti að tilgreina einhver efrí tímamörk til að halda skrána en ekki leggja það í hendurnar á þeim sem kemur henni upp.“

Þorbjörn furðar sig á því að ekki hafi verið óskað eftir umsögn LÍ við gerð frumvarpsins. „Lykilatriðið er að það hefði átt að leita eftir álitum mismunandi aðila. Það er svo mikilvægt að fleiri sjónarmið komi fram.“



BRJÓSTASTÆKKUN Persónuvernd úrskurðaði á dögunum að lýtalæknum bæri ekki skylda til að afhenda landlækni upplýsingar um konur sem hafa farið í brjóstastækkun hér á landi. NORDICPHOTOS/APP

Geir Gunnlaugsson, landlæknir, segir brýnt að lagaramminn sé þannig að embættið geti sinnt hlutverki sínu án vandkvæða. Hann segir upplýsingaöflun frá lýtalæknum í kring um PIP-málið svokallaða hafa gengið hægt.

„Við förum fram á upplýsingar frá lýtalæknum og fengum bara frá hluta þeirra. Öflun gagnanna hefur því ekki gengið sem skyldi,“ segir hann. „Það er eitt af þeim stóru verkefnum sem við þurfum að skerpa á. Ná sátt og skilningu um mikilvægi þess að þessar tölur séu aðgengilegar.“

Velferðarnefnd lagði frumvarpið fram í kjölfar umræðu sem skipaðist þegar LÍ var í vafa um hvort lýtalæknum bæri skylda

Enginn vafi

Úr frumvarpi velferðarnefndar: „Með hlidsjón af þeim brýnu almannahagsmunum sem í húfi geta verið verður ekki við það unað að nokkur vafi leiki á um rétt landlæknis til að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga, þ.m.t. persónugreinanlegra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að hann geti sinnt þeirri skyldu sinni að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu.“

til að afhenda landlækni nöfn og kennitölur kvenna sem höfðu farið í brjóstastækkun hér á landi.

sunna@frettabladid.is

Síðasti þátttakandinn í hryðjuverkaárásunum á Balí árið 2002 dæmdur í fangelsi:

Dæmdur vegna hryðjuverka á Balí

INDÓNESÍA, AP Umar Patek, 45 ára meðlimur í Al-Kaída hryðjuverkasamtökunum var á fimmtudag dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að hafa smíðað bílsprengju sem notuð var til að sprengja skemmtistað á indónesísku eyjunni Balí árið 2002. Alls létust 202 í sprengingunni, þar á meðal 88 Ástralal og sjö Bandaríkjamenn.

Saksóknarinn í málinu hafði farið fram á lífstíðarfangelsi yfir Patek en hann var ákærður fyrir morð, brot á innflytjendalöggjöf, að hafa haldið hlífiskildi yfir hryðjuverkamönnum og að hafa haft ólögleg vopn undir höndum.

Hlaut Patek refsingu vegna árásanna á Balí en einnig fyrir þátttöku í hryðjuverkaárásunum sem gerðar voru á kirkjur í Djakarta á aðfangadag árið 2000 og urðu níttján að bana.

Patek var handtekinn á síðasta ári í Pakistan, í sama bæ og Osama bin Laden faldi sig í síðustu ár ævi sinnar. Hann hafði þá verið í felum í níu ár en hann var sá síðasti þeirra sem grunaðir voru um þátttöku í hryðjuverkunum sem tekinn var höndum.

Í vörn sinni lagði Patek áherslu á að hann hefði ekki leikið stórt hlutverk í smíði sprengjunnar þótt hann hefði vissulega tekið þátt. Þá bað hann fjölskyldur fórnarlambanna sem og stjórnvöld í Indónesíu afsökunar og sagðist hafa verið á móti árásunum. Á hann hefði hins vegar ekki verið hlustað. - mpl

DJAKARTA Í GÆR Lögreglumenn leiddu Patek út úr réttarsalnum í Djakarta eftir að dómur féll. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Fyrirlestur um heilsutengda ferðapjónustu:

Heilsulindin Ísland

- möguleikar á sviði lífsgæðatengdrar ferðapjónustu

Miðvikudaginn 27. júní | Kl. 14:00 – 16:00 | Arion banki, Borgartúni 19

Skráning og upplýsingar á www.nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholt, 112 Reykjavík | Sími: 522 9000 | Netfang: nmi@nmi.is | www.nmi.is

HÚSIÐ

SUBURLANDSBRAUT 50
BLÁU HÚSIN Í SKEIFUNNI

WWW.HUSID.IS • S: 513-4300

VILHJÁLmur BJARNASON
LÖGG. FAST.SALI

- Heilsbugar um þinn hag -

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 24.06. KL. 15-16

Glæsilegt 127fm. sumarhús á 1,5 ha eignarlandi.

Laust nú þegar. Hiti í gólfum, vandaðar innréttingar. Húsið skiptist m.a. í 3 stórir svefnherbergi og 2 baðherbergi, samliggjandi stofur og rúmgott eldhús. Mjög stór verönd og innbyggður lítill bílskur fyrir golfbílinn undir húsinu. Glæsilegt útsýni. Heitur pottur. Möguleg skipti á íbúð. **Leiðarlýsing:** Ekið Þingvallaraleggjara frá Prastarlundi ca. 8 km. að Syðri-Brú. **Agnar í s. 820-1002 tekur á móti ykkur á milli kl. 15-16 á Sunnudag.**

Skráning hafin á maraþon.is



ENNEM / SIA / INN2700



Hlaupum til góðs

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélags að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

Skráning hafin á maraþon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.

Við bjóðum
góða þjónustu



Íslandsbanki,
stoltur stuðningsaðili í 15 ár



Ábyrgðin á nauðgun liggur alltaf hjá nauðgaranum:

Við erum öll druslur

Í dag verður farin drusluganga niður Skólavörðustíg og Bankastræti að Lækjartorgi. Tilgangurinn er að vekja fólk til umhugsunar um kynferðisglæpi og þá útbreiddu ranghugmynd að þolendurnir beri á einhvern hátt ábyrgð á glæpunum með klæðnaði sínum, útliti eða framkomu.

„Með druslugöngunni viljum við færa ábyrgð kynferðisglæpa frá fórnarlömbunum og yfir á gerendur. Við viljum ekki einblína á klæðnað, hegðun eða fasþolenda sem mögulega afsökun fyrir glæpamenn. Við viljum einfaldlega að menn hætti að nauðga,“ segir á heimasíðu druslugöngunnar.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Í ár hafa aðstandendur göngunnar sett orðið „meint“ fyrir framan heiti hennar. Það er að

þeirra sögn „til þess að vekja fólk til umhugsunar um þá stöðu sem þolendur upplifa þegar fyrirvari er settur á frásagnir þeirra. Við viljum vekja athygli á orðræðunni í samfélaginu og hvernig fólk er tilbúið að leyfa brotamanni að njóta vafans á meðan að hin raunverulegu fórnarlömb eru vænd um meiðryði.“

Þetta er góður punktur og það eru ekki sízt þeir sem starfa á fjölmiðlunum sem mega taka hann til sín. Orðalag í lögreglufréttum hefur oft verið með öðrum hætti þegar sagt er frá kynferðisglæpum en öðrum afbrotum. Við hikum ekki við að fullyrða að svo og svo mörg innbrot hafi verið framin tiltekna nótt, eða að sex manns hafi orðið fyrir líkamsárás í miðbænum. Af hverju ættum við frekar að skeyta orðinu „meint“ fyrir framan frásagnir af kynferðisbrotum? Oftast eru engin vitni að innbrotum og oft ekki önnur vitni að líkamsárásum en þolandinn og gerandinn, rétt eins og í nauðgunarmálum.

Í aðdraganda druslugöngunnar hafa allmargir einstaklingar af báðum kynjum stigið fram og sagt frá reynslu sinni af nauðgun. Þetta er hugrakkt fólk, sem með því að segja sögu sína stuðlar að því að aðrir þolendur nauðgunar skilji að þeir sitja ekki einir með sína þungbæru reynslu og að það er engin skömm að því að vera nauðgað, ekki frekar en að vera laminn eða rændur. Það er gerandinn, glæpamaðurinn, sem á að skammast sín.

Þessar frásagnir draga það fram sem er kjarni málsins; það er venjulegt fólk sem er venjulega klætt og að gera venjulega hluti sem verður fyrir nauðgun. Það er engar druslur. Ef svo er, erum við það öll. Því að hver hefur ekki daðrað svolítið án þess að ætla sér eitthvað meira með því, verið of lítið klæddur, orðið of fullur og þar með ekki á varðbergi, þvælt inn í hverfi sem hann rataði ekki í, verið of seint á ferð í myrkrinu, húkkað sér far af því að það var enginn leigubíll – eitthvað af þessu eða allt saman? Ekkert af því gefur neinum öðrum afsökun fyrir því að ráðast á aðra manneskju og brjóta gegn henni. Ábyrgðin er alltaf gerandans og aldrei þolandans.

Vonandi láta sem flestir sjá sig í druslugöngunni og ganga gegn fordómum og ranghugmyndum um kynferðisofbeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Forsetakosningar 30. júní 2012

Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði á kjördag, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22. Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 18:30 og hefst þá flokkun atkvæða.

18. júní 2012.
Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,
Jónas Þór Guðmundsson,
Ástríður Sólrún Grimsdóttir,
Guðbjörg Sveinsdóttir,
Sigríður Jósefsdóttir,
Elín Jóhannsdóttir.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Stjórnmálasigur eða stjórnsleysi?

Formenn stjórnarflokkanna hafa skilgreint samþykkt veiðigjaldalaganna sem meiriháttar stjórnmálasigur. Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna telja sig á hinn bóginn hafa takmarkað skaðann um sinn.

Þetta gaf leiðtoga Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum, Ólínu Þorvarðardóttur, tilefni í viðtali til að gagnsyrja: „Hver stjórnar landinu? Er þjóðstjórn í landinu? Er ekki lengur starfandi ríkisstjórn?“ Rétt er að leita svara við þessum hvössu spurningum þingmannsins um stöðu ríkisstjórnarinnar.

Fyrst er á það að líta að stjórnarandstaðan hefur tafið framgang



ÞORSTEINN PÁLSSON

Hefði hún sagt, sem henni var í löfagið, að þing stæði út sumarið gat stjórnarandstaðan ekki stoppað eitt einasta frumvarp.

Hvers vegna var þingið ekki látið

sjávarútvegsfrumvarpanna með málþófi sem oft reynist ríkisstjórnnum örðugt í tímaþröng. Það athyglisverða er hins vegar að ríkisstjórnin setti sér sjálf tímamörk sem hún vissi að útilokað var að ná.

standa svo lengi sem þörf var? Það gera flestar ríkisstjórnir þegar höfuðstefnumál eru í húfi. Sennilegasta ástæðan er sú að ríkisstjórnin hafi ekki verið örugg um meirihluta fyrir fiskveiðistjórnarfrumvarpinu. Hún virðist því hafa komið að láta stjórnarandstöðuna stöðva það.

Sé þetta rétt tilgáta er fullt tilefni fyrir áhrifaþingmann í stjórnarliðinu eins og Ólínu Þorvarðardóttur að spyrja í alvöru hvort í raun sé starfandi ríkisstjórn í landinu. En það er þá vegna veikleika í stjórnarliðinu en ekki sakir þess að stjórnarandstöðunni hafi vaxið fiskur um hrygg að svo er komið.

Halda aðrir um stjórnartaumana?

Hinni spurningu Ólínu Þorvarðardóttur hvort í raun sé komin þjóðstjórn vegna leynisamkomulags flokksformanna um þinglok verður að svara á annan veg. Ekki verður séð að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi náð neinum slíkum samningum er færi þeim bein áhrif á stjórn landsins.

Þegar dregur að þinglokum eru oftast nær fleiri mál á dagskrá en unnt er að afgreiða með góðu móti. Þá er venjulega samið um hver þeirra skuli hljóta afgreiðslu. Hitt er nánast óþekkt að ríkisstjórnir semji um breytingu á stefnumálum sínum til að ná samkomulagi við stjórnarandstöðu um lok þinghalds.

Mesta óvissan

Veiðigjaldalögin eru vissulega áfangasigur fyrir ríkisstjórnina. Á hinn bóginn lýsir það ekki sterkri stöðu að stærsta stefnumál hennar um fiskveiðistjórnunina bíði síðasta þings kjörtímabilsins. Hitt er að hvorki sá veikleiki né spurningar um hvort stjórnarandstaðan hafi náð að binda hendur ríkisstjórnarinnar valda mestri óvissu um stöðu málsins.

Í eldhúsdagsumræðunum á

Leynisamkomulag formanna flokkanna kann að vera vísbending um að ríkisstjórnin hafi talið sig vera í meiri bóndabeygju en venjulegt er. Samt er harla ólíklegt að þetta sé í raun samkomulag um áhrif. Þá hefði verið gengið frá því með öðrum hætti. Formaður VG hefur einnig sagt að hann líti svo á að ríkisstjórnin sé með öllu óbundin þó að einhverjar viðmiðanir hafi verið settar á blað.

Einu gildir hvort þetta er rétt skilgreining á samkomulaginu. Ríkisstjórnin getur í öllu falli haft það að engu ef henni sýnist svo. Að þessu virtu bendir fátt til að stjórnarandstaðan hafi náð að

draga úr völdum Ólínu Þorvarðardóttur.

Forseti Íslands sagði nýlega að sjávarútvegsfrumvörpin væru bæði þess eðlis að rétt væri að taka úrslitavaldið af þinginu og færa það til þjóðarinnar. Það var alvöru ögrun gagnvart ríkisstjórninni. En ekkert bendir til að forsetinn þori að standa við þetta fyrirheit til fólksins í landinu jafnvel þó að hann geti dregið ákvörðun fram yfir kjördag.

Slík ákvörðun hefði enn aukið á efasemdir þeirra sem spyrja hvort raunveruleg stjórn sé í landinu. En þetta hop forsetans veikir hins vegar kenningu hans sjálfs um allsherjar upplausn þjóðmálanna.

inga sem þessi stóra yfirlýsing vekur. Ríkisstjórnin skuldar einfaldlega svar við því hvers konar fiskveiðistjórnun samrýmist þeim hugmyndum sem hún hefur um nýja stjórnarskrá. Ekkert réttlætir að halda þeim upplýsingum leyndum.

Ef þær hugmyndir eru hins vegar á reiki er það enn ein ástæða til að spyrja eins og Ólína Þorvarðardóttir hvort hér sé starfandi ríkisstjórn.

Alltaf lágt verð



HURRICANE
RAFMAGNS HEKKKLIPPUR
 HHSI 5246. 520 Wött. 230 Volt.
 Sverðlengd 51 cm. Vinnur á greinum
 upp að 16 mm. Þyngd 2,7kg.

6.490,- !



BOSCH
AKKU SLÁTTUORF
 ART 23 Li Accu. Engin
 sjálfafhleðsla og
 ekkert "minni"
 - alltaf klár til
 notkunar, jafnvel á
 erfiðum svæðum.
 Hraðhleðsla.
 14,4 V líthíum.
 Sláttubreidd
 23 cm.

19.900,- !



AL-KO
BENSÍNSLÁTTUVÉL
 Ginge Silver 520 BR.
 190 cc mótör.
 51 cm sláttubreidd.
 7 hæðarstillingar,
 70 l safnskúffa.
 Stór afturhjól.

99.900,- !

SPÆNSK MARRGARÍTA „SÓLBODI“ 695,-



BLÓMAKER OG BLÓMAPOTTAR
 Í miklu úrvali. Margar gerðir og stærðir.

Verð frá 995,- !



MATJURTIR/KRYDDJURTIR
 Í 10 cm potti. Tilvalið í gróðurhúsið eða
 gróðurreitinn. T.d. blómkál, gulrófur,
 sellerí, spergilkál og
 steinselja.

395,- !



STJÚPUR - FJÓLUR - FLAUELSBLÓM
 4 stk í bakka, íslensk ræktun.

395,- !



Krakkar, það verða andlitsmálarar í **BAUHAUS** á laugardaginn frá kl 12-17, og allir krakkar fá ókeypis ís frá Kjörís.



Gerðu garðinn frægan með... **BAUHAUS**

Í Garðalandi **BAUHAUS** færðu allt fyrir garðinn. Laugardaginn 23. júní mun starfsfólk okkar kynna og leiðbeina viðskiptavinum um val á garðvélum, gaðrverkfærum og auk þess fræða þá um matjurtarræktun og um val á plöntum. Njóttu þess að koma til okkar í **BAUHAUS** og láttu okkur koma þér á óvart með ótrúlegu úrvali.



Verðin gilda frá föstudeginum 22. júní til og með laugardagsins 23. júní 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



- GÆÐI
- ÞJÓNUSTA
- GJAFVERÐ
- VÖRUÚRVAL

netto

Kræsingar & kostakjör

LAMBARIFJUR
GRILL

30% AFSLÁTTUR

489

ÁÐUR 698 KR/KG



SÓL OG SUMARSKAP

GRÍSAKÓTELETTUR
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR

24% AFSLÁTTUR

1.290

ÁÐUR 1.698 KR/KG



OSTA-
GRILLPYLSUR
300 G

30% AFSLÁTTUR

384

ÁÐUR 549 KR/PK



KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS

40% AFSLÁTTUR

299

ÁÐUR 498 KR/KG



GRÍSA T-BEIN
CAJ P'S

1.792

ÁÐUR 2.298 KR/KG



MJÓLKURKEX
500 G - ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

359



KREMKEKEX
500 G - ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

459



VÍNARBRAUÐSLENGJA
BAKAÐ Á STAÐNUM*

275

ÁÐUR 549 KR/STK

50% AFSLÁTTUR



*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

SJÓNVARPSKAKA
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

599

ÁÐUR 798 KR/STK

25% AFSLÁTTUR



NÝBAKAD
TILBOÐ

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



KJÖTSEL
SVÍNABÓGSNEIÐAR

798

ÁÐUR 998 KR/KG

Í NETTÓ

KJÚKLINGABRINGUR
OKKAR 3 STK

1.990

ÁÐUR 2.398 KR/KG

GRÍSAFÍLESNEIÐAR
LOUISIANA

1.499

ÁÐUR 2.298 KR/STK

Kjötbankinn

HRÍSKÖKUR
ÓDÝRT FYRIR HEIMLIÐ
DÖKKAR EÐA LJÓÐAR
4STK/PK

199

ÁÐUR 269 KR/PK

26% AFSLÁTTUR

X-TRA
HVÍTLAUKSBRAUÐ
175G 1 STK



99

PLÓMUR
500 G ASKJA



50% AFSLÁTTUR

199

ÁÐUR 398 KR/PK

ÁVÖXTUR
VIKUNNAR



X-TRA FLÖGUR
SALT

379



X-TRA FLÖGUR
SOUR CREAM ONION

PESTÓ -GRÆNT
190 G



198

ÞÚ SPARAR 101 KR PER STK!

PESTÓ -RAUTT
190 G



198

ÞÚ SPARAR 101 KR PER STK!

Tilboðin gilda 21. - 24. JÚNÍ

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



ÆTLARÐU Í ÚTILEGU?

Komdu við í Ellingsen

Í Ellingsen færðu allt sem þarf fyrir útileguna, t.d. tjöld og tjaldhæla, útileguborð og -stóla, ferðagrill, svefnpoka, bakpoka, kælibox og fleira fyrir ferðalagið – allt nema nestið.



COLEMAN FERÐAGASGRILL
Fyrirferðalítið grill með hitamæli

49.990 KR.



COLEMAN ÚTILEGUBORÐ
Samfellanlegt

8.490 KR.



CAMPINGAZ KÆLIBOX 24 L
Með bilatengi

16.100 KR.



COLEMAN SKJÓLVEGGUR
5,5 x 1,5 m

9.990 KR.



COLEMAN TJALDDÝNA
Einbreið

5.490 KR.



PRIMUS TJALDHITARI
2000-2500 w

11.990 KR.



**COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL
MEÐ ÖRMUM**
Sterkur og samfellanlegur

9.990 KR.



**COLEMAN TRACK
2JA MANNA TJALD**
2000 mm vatnsheldni

10.990 KR.

COLEMAN TRACK SVEFNPOKI
820 gr. nettur sumarpokki

5.990 KR.

COLEMAN 4D LED TJALDLUKT
3 stillingar

6.490 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



FRÁBAERT á grillið

Lambalæri fyrir þig og þína!
Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönu-berja og eplamarinerað!



1398

kr.
kg

Piparmarinerað lambalæri



2298

kr.
kg

Krónu kjúklingabringur



40%

afsláttur

2721

kr.
kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent



30%

afsláttur

1049

kr.
kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur magnpakning



4
í pk.

698

kr.
pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.



Goða salat
Hrásalat, 350 g 249 kr.
Kartöflusalat, 350 g 289 kr.



2
í pk.

314

kr.
pk.

Forsöðnir maísstönglar, 2 í pk.



30%

afsláttur

248

kr.
kg

Verð áður ~~370~~ kr. kg
Græn melóna



Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum Krónunnar

Nýtt!

GRILLPRENNNA



Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað etta

**GRILLBAKKI 1
SNOGGI GRILLARINN**



1598
kr./kg

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísaríf

**GRILLBAKKI 2
STEIKARGRILLARINN**



1998
kr./kg

Ungnauta entrecote, grísahnakki og gríspjót

**GRILLBAKKI 3
FLOTTI GRILLARINN**



2198
kr./kg

Grísakótilettur, grísasiða og lambainnræleri



699 kr. pk.

B4Y grillkol, 2,5 kg



149 kr. pk.

Grillbakkar 3 stk. í pk.

Klipptu út ávísunina

1000 KR. AFSL.

EF ÞÚ KAUPIR ÞRJÁ PAKKA AF GRILLPRENNU FÆRÐU

1000 KR. AFSLÁTT

GEGN FRAMVÍSUN ÞESSARAR ÁVÍSUNNAR



5 694310 451338 >

Klipptu út ávísunina

Klipptu út ávísunina



*Gildir til 23. júní 2012



50 kr. stk.

Yippi, kalk- og vítamínbættur ávaxtasafi, 4 teg., 200 ml



389 kr. pk.

Sun Lolly, 10 tegundir



179 kr. pk.

Freyju staurar 2 í pk.



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Ekki í persónulegum ábyrgðum

Fjárfestirinn **Jón Helgi Guðmundsson**, kenndur við BYKO, reiknar með að halda sínum félögum hér á landi þó fjárfestingafélag hans sé skuldum vafið. Hann átti stóran hlut í Kaupþingi þegar bankinn fór í þrot og segir *Brjáni Jónassyni* hvað honum finnst um ásakanir á hendur stjórnendum bankans um markaðsmisnotkun og ræðir þann lærdóm sem hann hefur dregið af hruninu.

Fjárfestar sem voru áberandi í íslensku viðskiptalífi fyrir hrúnið haustið 2008 hafa komið mjög misvel út úr hruninu.

Einn þeirra sem virðist hafa sloppið nokkuð vel er Jón Helgi Guðmundsson. Þrátt fyrir að fjárfestingafélag hans sé í miklum vanda óttast hann ekki að missa grunninn að viðskiptaveldi sínu hér á landi.

Fjárfestingar Jóns Helga byggðust upp í kringum byggingarvörverslunina BYKO sem faðir Jóns Helga stofnaði ásamt mági sínum fyrir 50 árum. BYKO heyrir í dag undir móðurfélagið Norvík sem á einnig önnur stór fyrirtæki á borð við Krónuna, Nóatún, Elko, Intersport og fleiri.

Þrátt fyrir bankahrunið er staða Norvíkur sterk, segir Jón Helgi. „Við höfum farið í gegnum allar þessar hremmingar án þess að hafa þurft að leggja á hnén. Það hefur ekkert verið afskrifað hjá okkur. Við höfum ekki farið í gegnum neina fjárhagslega endurskipulagningu. Það sama má segja um fasteignafélagið okkar, Smáragarð, það stendur vel,“ segir Jón Helgi.

Hann segir Smáragarð standa vel, enda félagið fjármagnað til 25 ára og félög í eigu Norvíkur helstu leigjendurnir. „Ef ég ber Smáragarð saman við önnur fasteignafélög af svipaðri stærð hafa þau flest farið í gegnum einhverjar hremmingar. Okkar félag var ekki mikið skuldsett fyrir hrúnið. Þó við værum auðvitað með tölurverðar skuldir var það ekki þannig að það gengi okkur yfir höfuð,“ segir Jón Helgi.

„Auðvitað er þetta erfitt. Stundum finnst manni ójafnt gefið, en kannski á maður ekki að kvarta yfir því. Ég er bara ánægður að Norvík hafi getað staðið þetta af sér. Það var ekkert sjálfgefið, langt frá því.“

Norvík er með starfsemi í sex löndum; á Íslandi, í Svíþjóð, á Bretlandi, í Eistlandi, Lettlandi og Rússlandi. Jón Helgi segir félögin utan Íslands almennt standa vel. „Það er bara eins og gengur þegar eru svona mörg fyrirtæki undir, það eru alltaf einhverjir með pestina. Þá geta hin stutt við, svo í heildina gengur þetta mjög vel.“

Fjárfestingafélag með pestina

Eitt þeirra félaga sem sannarlega er með pestina eftir bankahrunið er fjárfestingafélag Jóns Helga og fleiri, Straumborg.

Félagið stendur höllum fæti eftir hrúnið, enda var félagið stór hluthafi í Kaupþingi þegar bankinn fór í þrot. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2010 skuldar félagið 5,9 milljarða. Þá er ótalin krafa þrotabús Glitnis á hendur Straumborg að upphæð 3,9 milljarðar króna. Þrotabúið hefur stefnt Straumborg. Falli dómur félagi Jóns Helga í óhag skuldar það um 10 milljarða króna.

Jón Helgi segir að ekki séu bein tengsl á milli Straumborgar og Norvíkur eða fasteignafélagsins Smáragarðs, þó að einhverju leyti séu eigendurnir þeir sömu. Þó á Straumborg tæplega 22 prósent hlut í Norvík.

„Við gerðum kyrrstöðusamning við lánardrottina Straumborgar fyrir nokkrum árum sem rennur út í janúar á næsta ári. Við erum að vinna í næstu skrefum í mjög góðu samstarfi við okkar lánardrottina. Það hefur verið okkar metnaðarmál að komast frá því á eins góðan hátt og hægt hefur verið. Við höfum lagt mikið á okkur til að það geti tekist, ég hef verið í launalitlu starfi við að reyna að gera sem best úr því



BORGAR SKULDIR Erfitt er að finna áhugaverð fjárfestingartækifæri á Íslandi þessa dagana, segir Jón Helgi Guðmundsson. „Ég held að menn verði að sjá til hvernig þróunin verður á næstu misserum. Ég held að besta fjárfestingin núna sé að borga skuldir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

undanfarið. Væntanlega kemur í ljós í haust hvernig við getum tekið framhaldið. Ég á ekki von á að Straumborg fari í þrot, það er verið að reyna að vinna úr þessu á sem bestan hátt,“ segir Jón Helgi.

Hann segir því ekki hættu á að hann muni missa einhver af fyrirtækjunum sem heyrir undir Norvík vegna slæmrar stöðu Straumborgar. „Það mun ekki koma til. Það er bara það sem er inni í Straumborg sem er til skiptanna. Við erum ekki í persónulegum ábyrgðum.“

Spurður um 22 prósent hlut Straumborgar í Norvík segir hann litlu skipta fyrir rekstur Norvíkur þó hann gæti verið í

„Ég held að það sem hafi valdið þessu öllu séu þessi kaupakmál. Þar voru menn að kaupa bréf, margir voru með heimikið undir. Nú er ég bara að tala eins og ég sá þetta utan frá, en þetta teymi sem var að stjórna bankanum var að reyna að bjarga honum. Menn höfðu trú á að þeir gætu komist í gegnum þetta, og voru að reyna að bjarga því að þessir samstarfs-

þessum hlutabréfaaukningum sem fóru fram. Svo minn hlutur var að þynnast heimikið út. En þetta var samt afgerandi hlutur í bókum Straumborgar, það er ekki spurning, illu heilli, og það er spurning hvort okkur takist að kljafa það.“

Útsettur fyrir markaðsmisnotkun

Spurður hvort um markaðsmisnotkun hafi verið að ræða hjá Kaupþingi segir hann það getgátur á þessu stigi. Þarna hafi skapast aðstæður sem enginn hafi séð fyrir og boginn hafi verið spenntur of hátt, hjá honum eins og mörgum öðrum.

„Ég á óskaplega erfitt með að meta hvað gekk á til að geta lagt dóm á það. Auðvitað verð ég ekki

Sjálfur segist Jón Helgi ekki hafa verið til rannsóknar í kjölfar hrunsins. Hann segist aldrei hafa þurft að ræða við sérstakan saksóknara um eitt né neitt, hvorki sem vitni né grunaður maður.

Lækkun skulda besta fjárfestingin

Jón Helgi segist eins og fleiri hafa lært ýmislegt af hruninu. „Ég get eiginlega vísað í reynslu Svianna sem lentu í sínu hrúni upp úr 1990. Það varð bankahrun í Svíþjóð, og bæði einstaklingar og félög voru mjög skuldsett. Margir fóru illa út úr því. Það er enn þannig rúmlega 20 árum seinna að Svíar vilja helst ekki skuldsetja sig. Menn brenndu sig ansi illa. Við viljum halda okkur við það sem við höfum þótt standa fyrir í því sem við höfum verið að gera. Spenna bogann ekki of hátt þannig að við sjáum ekki til lands. Ég sagði það nú eftir þetta hrun að við ætluðum að standa það af okkur með þessi rekstrarfélög. En ég veit ekki hvort við myndum þola annað svona hrun. Ég held að fáir myndu þola það,“ segir hann.

„Við höfum verið í því að standa í skilum með okkar skuldir. Bæði Norvík og Smáragarður hafa náð að standa í skilum, og borgað bæði afborganir og vexti skilvíslega.“

Jón Helgi segir erfitt að sjá fjárfestingartækifæri á Íslandi í dag. „Við verðum að sjá til með það. Ef okkur tekst að eyðileggja sjávarútveginn núna fækkar kannski enn frekar fjárfestingartækifærunum á Íslandi. Ég held að menn verði að sjá til hvernig þróunin verður á næstu misserum. Ég held að besta fjárfestingin núna sé að borga skuldir.“

„Ég á óskaplega erfitt með að meta hvað gekk á til að geta lagt dóm á það. Auðvitað verð ég ekki ánægður með það ef í ljós kemur að þarna var um markaðsmisnotkun að ræða. Þá hef ég auðvitað verið útsettur fyrir það.“

uppnámi vegna erfiðrar stöðu Straumborgar. „Þá eru eftir 78 prósent í minni eigu og eigu fjölskyldunnar svo það hefur engin áhrif á okkur.“

Róttin liggur í kaupakkerfunum

Straumborg var einn af stærstu hluthöfunum í Kaupþingi þegar bankinn fór í þrot haustið 2008. Tap félagsins var mikið, og hefur það verið í fjárhagslegri gjör-gæslu síðan. Jón Helgi segist ekki rétti maðurinn til að skýra það sem átti sér stað innan Kaupþings og leiddi til þess að bankinn féll. Of snemmt sé að úttala sig um ásakanir um markaðsmisnotkun.

menn sem þeir voru með allt í kringum sig, og bankinn byggði að einhverju leyti á, færur í gjaldþrot.“

Jón Helgi þvertur fyrir að sem stór eigandi hljóti hann að hafa fylgst betur með en þetta svar gefur til kynna. „Nei, ég gerði það ekki. Ég var ekki í þeirri aðstöðu. Þarna voru stórir aðilar sem réðu ferðinni. Aðallega Bakkavararbræður og Ólafur [Ólafsson, kenndur við Samskip]. Ég var stór eigandi í Búnaðarbankanum. Þegar Búnaðarbankinn og Kaupþing voru sameinuð þynntist sá hlutur út og ég held að ég hafi ekki tekið þátt í neinum af

ánægður með það ef í ljós kemur að þarna var um markaðsmisnotkun að ræða. Þá hef ég auðvitað verið útsettur fyrir það. Þeir sem töpuðu mestu á Kaupþingi voru við sem áttum hlutabréfin, næstmestu töpuðu þeir sem áttu skuldabréf bankans.“

Spurður hvort stjórnendur bankans hafi ekki reynt traustsins verðir segir hann það verða að koma í ljós. „Er ekki verið að rannsaka þessi mál öllsömum? Vonandi kemur það þá í ljós og menn geta lagt mat á það þegar niðurstaðan liggur fyrir. Við vorum auðvitað leiksoppar í þessu öllu eins og fleiri.“

Snjallsíminn verður þarfasti þjónn hestamannsins á Landsmótinu



Vertu á **stærsta 3G netinu**



Náðu í **Landsmótsappið** og upplifðu hátíðina með okkur.

Landsmótsappið býður upp á dagskrá mótsins auk þess sem hægt er að fá upplýsingar um alla hestana sem taka þátt, ásamt knöpunum. Staðan í öllum riðlum mótsins er aðgengileg og hægt með auðveldum hætti að fylgjast með árangri hesta og keppenda.

Í appinu er einnig kort af mótsvæðinu, almennar upplýsingar fyrir mótsgesti, myndskaið, viðtöl, fréttir af hestamannamótinu og Twitter.

Appið er bæði til á íslensku og ensku



JOE BOXER®

Smáralind

20%

Við höfum flutt okkur um set niður á neðri hæðina í Smáralind (við hliðina á Body Shop) Af því tilefni verða allar vörur í nýju versluninni með 20% afslætti um helgina!



Í GÓÐA VEDRINU Pappír, litir og lím freistuðu þeirra sem vildu heldur föndra en vera í leiktækjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

Leyfa börnum að leika á pólsku

Gleðin ein ríkti í leikskólanum **Garðaborg** við Bústaðaveg einn laugardag fyrir skömmu þar sem pólskumælandi fjölskyldur hittust og nutu þess að eiga samskipti á sínu móðurmáli. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** leit inn og tók forsprakkann og fleiri tali.

Börnin flögur um leiksvæðið, klifra, róla og renna sér, sum föndra við borð á stéttinni en foreldrarinn skrafa saman um leið og þeir hafa gætur á ungviðinu. Reykur liðast upp frá úti-grilli því boðið er upp á heitar pylsur og drykki. Það kemur í ljós að þarna er vorhátíð verkefni sem nefnist Gaman saman sem hófst í leikskólanum Garðaborg fyrir tveimur árum og felst í því að leyfa pólskumælandi börnum að leika sér á upprunamálinu. Þetta er síðasta samverustundin á skólaárinu – og sólin skín.

Allt í sjálfböðavinnu

Kristín Einarsdóttir er leikskólalastjóri í Garðaborg og í spjalli við hana kemur fram að hún hefur í frítíma sínum opnað leikskólann á laugardögum einu sinni í mánuði síðustu tvo vetur fyrir pólskum fjölskyldum. Þetta er grasrótastarf og allt unnið í sjálfböðavinnu. Hún kveðst þó langt frá eiga allan heiðurinn að verkefninu því pólskar starfsstúlkur á leikskólum borgarinnar hafi séð um skipulagningu og gert það af hugkvæmni og gleði sem skili sér í góðri þátttöku. „Fyrst mættu tíu manns en mánuði seinna komu sjöfju því þetta spurðist svo vel út og stundum hafa þátttakendur farið yfir hundrað.“ Hún segir þessa samverustund þá tuttugustu í röðinni og lýsir því hvernig þessi fallega hugmynd varð til.

„Ég var í framhaldsnámi í Kennaraháskólanum og meðal annars að læra um fjölmenningu. Þar er lögð áhersla á máltöku barna og íslensku sem annað mál en til að læra annað mál er lyklatríðið að styrkja móðurmálið og ég fór að hugsa hvaða leið væri best til þess. Þá kom þessi hugmynd upp. Af því hér í Garðaborg var pólskur kennari þá valdi ég pólsk börn. Sjálf tala ég ekki pólsku en þetta er framkvæmanlegt þegar einhver talar tungumálið sem börnin kunna.

Pólska stúlkun sem var hér í byrjun er hætt en önnur, Katarzyna Anna Chadzyska, kölluð Katsja og vinnur á Alftaborg, kemur alltaf og fleiri góðar stúlkur til að sjá um dagskrána.“

Vilja syngja á íslensku

Katsja er á þönum um svæðið og spjallar við börn og fullorðna. Hún talar bæði pólsku og íslensku. „Þetta er besta veður sem við höfum fengið og börnin fá því að

„Barn í máltöku getur tapað móðurmálinu sínu á örstuttum tíma ef því er ekki vel við haldið.“

leika sér frjálst,“ segir hún kát. „Oftast erum við inni og byrjum þá oft á dansi sem allir taka þátt í. Svo gerum við handavinnu og litum, syngjum og förum í leiki, til dæmis hringleiki.“ Spurð hvort hún kunni marga pólska leiki sem við Íslendinga þekkjum ekki svarar hún: „Já, en sumir eru líka alþjóðlegir eins og Hókí póki, Meistari Jakob og fleiri. Ég er búin að þýða íslenska texta á pólsku en krakkarnir vilja oft frekar syngja á íslensku því þau syngja líklega meira í leikskólunum en heima og kunna því meira af íslenskum lögum.“

Katsja segir marga foreldrana hafa myndað tengsl á þessum samverustundum í Garðaborg og skipst á upplýsingum, hugmyndum og mataruppskriftum. Hún bendir á að heimasíðurnar www.informacje.is og polskszkola.is séu með upplýsingar sem koma sér vel fyrir Pólverja.

Gott tækifæri til að æfa pólskuna

Karolina Zabel er ein af mömmunum á svæðinu. „Ég er smá að hjálpa,“ segir hún brosandí. „Ég fékk frí í vinnunni minni því það er svo rosalega gaman fyrir dætur mínar, fjögurra og sjö ára, að geta leikið sér á pólsku. Það eru bara Íslendingar í þeirra skóla og við tölum íslensku heima því þær eiga íslenskan pabba. Það er því bara hér sem þær geta leikið sér við önnur börn á móðurmálinu.“

Katarzyna Matysek er á svæðinu með son sinn Olaf, fjögurra fjögurra ára strákur. „Ég á annan þriggja vikna en hann er of lítill til að koma hingað,“ segir hún glaðlega. Hún segir Olaf eiga pólskan vin en pabbi vinarins sé íslenskur og því sé bara tölud íslenska á því heimili. Þarna sé því gott tækifæri fyrir Olaf að æfa pólskuna. „Í fyrsta skipti sem við komum sagði Olaf: „Við verðum að koma aftur í næstu viku,“ og varð fyrir vonbrigðum þegar pabbi hans sagði að hann yrði að bíða í mánuði.“

Mikilvægt að eiga þetta mál

Fríða Bjarney Jónsdóttir er verkfræðingur vegna fjölmennings á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún kveðst kíkja við í Garðaborg öðru hvoru á pólskum dögum og líka í Nóaborg sem hafi tekið upp spænska daga. „Svona dagar hafa ótvírætt og margþætt gildi. Krakkarnir örva og þjálfa móðurmálið í frjálsum umhverfi og átta sig á því hvað það er mikilvægt að eiga þetta mál en hér á landi er engin kennsla í því. Fullorðna fólk hittist líka og myndar sambönd, hingað hafa til dæmis komið smábarnamæður sem voru ekki í tengslum við nokkurn mann áður. Svo fáum við sem störfum að fjölmenningsmálum ómetanlegt tækifæri til að hitta fólk sem annars er mjög dreift og nýtum það tækifæri til að veita því ýmsar upplýsingar. Yfir veturinn kemur líka fulltrúi frá Borgarbókasafninu. Margar þessar stelpur sem mæta hér í sjálfböðastarf eru sjálf-



MÁLIN RÆDD Kristín leikskólalastjóri og Katsja skipuleggjandi höfðu um margt að spjalla.




HJÁLPARHELLUR Karolina Zabel og dætur hennar, Maja Margé og Ameia, ásamt Katarzynu Matysek. Sonur Katarzynu, Olaf, mátti ekki vera að því að stilla sér upp.

ar að vinna í leikskóla á daginn en koma hingað á laugardögum og gefa því líkt af sér.“

Fríða Bjarney kveðst einkum sinna málefnum ungra barna hjá borginni og gera sér fulla grein fyrir hvað leikskólaárin séu dýrmæt. „Barn í máltöku getur tapað móðurmálinu sínu á örstuttum tíma ef því er ekki vel við haldið

og þá erum við komin með stórt vandamál.

Því ríkara sem málumhverfi barnanna er á báðum tungumálum því betri tókum ná þau á þeim og það er margt sem bendir til að tvítýngd börn verði opin og næm. Málin taka nefnilega ekkert hvort frá öðru, heldur bætast hvort við annað.“



einfaldlega betri kostur

HELGARSPRENGJA



25-50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SUMARHÚSGÖGNUM



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM!



TILBOÐ GILDIR 23. - 24. JÚNÍ

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

kaffi
ILVA

Pastramibeygla
Pestó, pastrami, rauðlaukur
og salatblanda 795,-

NÚ 495,-



BEYGLA MÁNAÐARINS

Hinn umdeildi Íslandsvinur

Hollywood-stórstjarnan **Tom Cruise** er staddur hér á landi ásamt fjölskyldu sinni við tókur á kvikmyndinni Oblivion. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp nokkrar af kvikmyndum Cruise og einnig heitkonurnar, orðrómana og uppátækin á ferlinum.

■ SMELLIR OG SKELLIR Í BÍÓ

SMELLIR



Top Gun (1986)

Myndin sem festi Cruise í sessi sem ofurstjórnari í Hollywood, og gerði að draumaviðfangi milljóna áhorfenda um allan heim, er enn sú tekjuhæsta (að núvirkni) sem hann hefur leikið í.



Rain Man (1988)

Cruise þótti standa sig þrýðilega í hlutverki sínu sem gráðugur og óþolandi yngri bróðir hins einhverfa Dustin Hoffmann í vinsælustu mynd ársins 1988. Leikaranum hefur þó líklega þótt súrt í bragði að nærri allir sem að myndinni komu hlutu tilnefningu til Óskarsverðlauna nema hann. Í ofanálag gleymdi Hoffmann, sem vann verðlaunin, að minnast á Cruise í þakkarræðu sinni.

Mission: Impossible (1996)

Cruise var mikill aðdáandi gömlu sixtis-spennuþáttanna og lék flest af áhættuatriðunum sjálfur í þessum monster-hittara sem var tekjuhæsta mynd ársins 1996. Þrjár vinsælar framhaldsmyndir hafa þegar fylgt í kjölfarið og er lengi von á einum.

SKELLIR



Cocktail (1988)

Myndinni um ástir og ævintýri barþjónsins Brians Flanagan gekk ágætlega í miðasölu en var slátrað af gagnrýndum víðast hvar. Cruise fékk tilnefningu til Gyllta hindbersins sem verst leikari ársins, en þurfti að lúta í lægra haldi fyrir sjálfum Sylvester Stallone í Rambo III.

Far And Away (1992)

Cruise og Kidman fylgdu Days of Thunder eftir með þessari slöppu og allt of löngu ræmu um írska innflytjendur í Ameríku á 19. öld. Írski hreimurinn hjá Cruise sker í eyrun, eins og gjarnan gerist hjá Könum sem reyna sig við frændur okkar frá eyjunni grænu, og myndin féll í álíka slæman jarðveg hjá áhorfendum og gagnrýndum.

Lions For Lambs (2007)

Fyrsta myndin sem United Artists-stúdíóið framleiddi eftir að Cruise tók við stjórn fyrirtækisins (leiðir hans og Paramount skildi nokkru fyrr) misheppnaðist gjörsamlega, enda var henni ætlað að vekja áhorfendur til umhugsunar um stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum en reyndist grunn, þvælu- og klisjukenn úr hófi fram. Þeir ótal mörgu sem ekki hafa séð þessa mynd geta talist heppnir.

Konurnar í lífi Cruise

1983-1985 Rebecca De Mornay

De Mornay lék með Cruise í klassisku unglingamyndinni Risky Business sem kom Cruise á kortið árið 1983.



1985 Cher

Cruise átti í stuttu ástarsambandi við hina sextán árum eldri söng- og leikkonu, en annríki beggja mun hafa komið í veg fyrir frekari rómans.



1987-1990 Mimi Rogers

Tom hélt sig við eldri konur um sinn og fyrsta eiginkona hans var bandaríska leikkonan Mimi Rogers (sex árum eldri), sem er talin hafa kynnt Cruise fyrir kenninum Vísindakirkjunnar. Emilio Estevez var svaramaður.



1990-2001 Nicole Kidman

Einungis örfáir mánuðir liðu frá skilnaði Rogers og Cruise og brúðkaups þessa síðarnefnda og áströlsku leikkonunnar Nicole Kidman á aðfangadag árið 1990. Þau kynntust við upptökur á rallímyndinni Days of Thunder. Cruise og Kidman ættleiddu tvö börn, Isabella Jane, fædd 1992, og Connor Anthony, fæddur 1995. Þegar þau skildu lét Kidman hafa eftir sér að nú gæti hún loks gengið á háum hælum, en Cruise er 1,72 metrar á hæð.



2001-2004 Penélope Cruz

Þrátt fyrir að eftirnöfn Tom og Penélope séu svo sláandi lík sem raun ber vitni entist samband þeirra aðeins í þrjú ár. Þau kynntust við tókur á myndinni Vanilla Sky.



2005 til dagsins í dag Katie Holmes

Slúðurbloðin gáfu sambandi Cruise og leikkonunnar Katie Holmes, sem hafði vakið athygli fyrir leik sinn í táníngadramapáttunum Dawson's Creek, umsvifalaust nafnið „TomKat“. Suri dóttir þeirra fæddist í apríl 2006 og í nóvember sama ár giftu þau sig við Vísindakirkjuathöfn á Ítalíu.



Prisvar tilnefndur til Óskarsins

Tom Cruise hefur prisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, án þess þó að vinna til verðlaunanna: Árin 1990 og 1997 hlaut hann tilnefningar sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir myndirnar Born on the 4th of July og Jerry Maguire. Árið 2000 var hann svo tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Magnolía.



■ UNÐARLEG UPPÁTÆKI



A frek Tom Cruise á hvíta tjaldinu hafa oft og tíðum fallið í skuggann af uppátækjum hans utan sviðs sem þykja undarleg, sérstaklega í seinni tíð. Árið 2005 var sérstaklega slæmt í þessu tilliti og varð þess valdandi að vinsældir leikarans minnkuðu talsvert hjá almenningi. Höfðu og margir á orði að Cruise væri við það að ganga af göfllum, þótt ekkert í þá veru fengist beinlínis staðfest.

Eftirminnilegasta atvikið er vafalítið þegar Cruise var gestur í spjallþætti Oprah Winfrey í maí árið 2005 og hafði nýverið hafið samband sitt við Katie Holmes. Svo ánægður virtist Cruise vera með lífið og tilveruna þennan dag að hann hoppaði og skoppaði um leikmyndina, þar á meðal ítrekað ofan á drapplitaðan Oprah-sófann, fór niður á annað hné og játaði ást sína á Katie hvað eftir annað áður en hann stökk baksviðs og náði í sína heittelskuðu í græna herbergið baksviðs.


Þessar æfingar leikarans hefðu væntanlega ekki vakið jafn gríðarlega athygli ef um hvern annan meðaljón hefði verið að ræða, en vangaveltur um geðheilbrigði Cruise (sem sumir vilja tengja við Vísindakirkjuna) höfðu þegar verið grasserandi í þó nokkurn tíma.

Ekki bætti úr skák þegar viðtal fréttamannsins Matt Lauer í Today Show við Cruise snerist illilega í höndum leikarans í kjölfar þess að hann hafði gagnrýnt leikkonuna Brooke Shields fyrir notkun á geðlyfjum til að stemma stigu við fæðingarþunglyndi. Í viðtalinu fann Cruise geðlækningum flest til foráttu, sagði þær skottulækningar og sakaði þáttastjórnandann meðal annars um að vera talsmaður ritalins. Í kjölfarið benti Shields leikaranum vinsamlegast á að halda sig við að „bjarga jarðarbúum frá geimverum“ í stað þess að þykjast vita betur en aðrir hvaða lækningaaðferðir gagnast hverjum og einum. Þá ávittu Geðlækningasamtök Bandaríkjanna Cruise fyrir að festa enn frekar í sessi þann neikvæða stimpil sem fólk með geðsjúkdóma þarf að kljást við.

Síðar sama sumar brunaði nýja parið á mótörhjól niður rauða dregilinn við frumsýningu kvikmyndarinnar War of the Worlds í Hollywood, sem mörgum þótti býsna undarlegt, og Cruise brást ókvæða við gríni sjónvarpsmanns í London sem sprautaði vatni í andlit leikarans meðan á plat-viðtali stóð.

Árið eftir, 2006, komust á kreik sögusagnir um að Cruise hefði skipað Holmes að dóttir þeirra skyldi koma í heiminn með „þögullu fæðingu“ að vísindakirkjulegum sið, auk þess sem hann sagðist í viðtali hafa í hyggju að snæða fylgjuna að fæðingu lokinni. Cruise sagðist síðar hafa verið að grínast, en ummælin gerðu ekki mikið til að lappa upp á almenningsálitið á þeim tíma.

ORÐRÓMURINN



Sögusagnir um samkynhneigð Cruise hafa verið fyrirferðarmiklar á síðustu árum og hefur leikarinn nokkrum sinnum leitað réttar síns fyrir dómstólum vegna þeirra.

Í janúar á síðasta ári gegndi breski grínistinn Ricky Gervais hlutverki kynnis á Golden Globe-verðlaunahátíðinni og sagði eftirfarandi brandara: „Önnur mynd sem ekki er tilnefnd í kvöld er I Love You Phillip Morris, sem fjallar um tvo gagnkynhneigða karaktera sem þykjast vera samkynhneigðir. Sem sagt algjör andstæða við suma fræga meðlími Vísindakirkjunnar.“ Áhorfendur lásu milli linanna að Vísindakirkjumeðlimirnir sem um var rætt væru Tom Cruise og John Travolta, en sjálfur sagðist Gervais hafa fengið hjálp frá lögræðingum sínum við að orða brandarann á öruggan hátt.

Árið 2006 skapaðist mikil umræða um túlkun höfundu South Park-teiknimyndapáttanna á Cruise í þættinum „Fastur í skápnum“, þar sem spjótum er beint að Vísindakirkjunni og teiknimyndauðgáfa af leikaranum harðneitar að koma út úr skáp einnar aðalpersónunnar. Enn fyrr sömdu handritshöfundar annarrar teiknimyndaseríu, The Simpsons, hlutverk fyrir Cruise sem góðmennið Tom, sem gerist „stóri bróðir“ Bart um stundarsakir, í þætti sem nefndist „Brother from the Same Planet“. Cruise hafnaði hlutverkinu og leyndi reiði framleiðenda þáttanna sér ekki í spjalli um þáttinn á DVD-disknum: „Screw you, Tom,“ voru skilaboðin sem leikarinn fékk.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BLÓM Í BÆ

Sýningin Blóm í bæ stendur yfir í Hveragerði um helgina. Þemað er sirkus og munu skreytingar í bænum taka mið af því. Alls konar kynjaverur lifna við í blómum og myndum og litagleðin tekur öll völd. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin.

SUMARSALAN HAFIN



**20%-50%
afsláttur**

- SUMARKÁPUR
- SPARIDRESS
- GALLAFATNAÐUR
- BOLIR OG M.FL.

Skoðið sýnishornin á laxdal.is (Manhattan)



HEPPIN MEÐ MAKA

LANGÞRÁÐ SUMARFRÍ Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, alþingismaður, ætlar að sofa í tjaldi í sumarfríinu, busla í sundlaugum og njóta lífsins með sínum nánustu.

Ætli ég taki því ekki rólega með börnunum í dag, fari í sund og í heimsókn til mömmu til að athuga hvort einhver muni enn eftir mér á þeim slóðum,“ segir Sigríður Ingibjörg og skellir upp úr. Hún á loks rýmri tíma fyrir sig og sína eftir að þingi var slitið í vikunni. „Jú, víst voru þingmenn orðnir langeygðir eftir sumarfrí. Langar tarnir undir lok þinghalds reyna mjög á. Alþingi minnir mig stundum á flugstöð þar sem tíminn verður afstæður og það sem úti er hættir að skipta máli. Lífið snýst nefnilega um fleira en það sem gerist á Alþingi og ég þeirrar skoðunar að þingmenn hafi alltof lítinn tíma til að lesa, hugsa og hitta fólk.“

Sigríður Ingibjörg er þó ekki komin í óskipt sumarfrí fyrir en um miðjan júlí því á morgun fer hún á fund í velferðarnefnd Norðurlandaráðs í Brussel. Þar á eftir taka við störf tengd fjárlaganefnd og fundir með kjósendum, sem setið hafa á hakanum.

„Þingstarfið er annasamt og þótt maður sé kominn heim dvelur hugurinn oft áfram við vinnuna. Ég spyr stundum sjálfa mig hvort ég sé tilbúin að fórna svo miklum tíma frá börnunum sem eru á misjöfnum aldri og með misjafnar þarfir. Að vera þingmaður er þó svipað því að vera kennari; stundum er álagið mikið en svo nýtur maður þess inn á milli að hafa meiri yfirráð yfir tíma sínum.“

Sigríður Ingibjörg á fjögur börn, eitt uppkomið og þrjú á grunnskólaaldri með eiginmanni sínum, Birgi Hermannssyni háskólakennara. „Velgengi mín í starfi og gott heimilislíf byggja á því að eiga góðan maka sem stendur með mér og stendur vaktina heima,“ segir hún og brosir.

„Ég tek hlutverk mitt alvarlega og þykir forréttindi að vera kjörin til að hafa áhrif á landsmálin. Það er ákaflega skemmtilegt að vera þingmaður en starfsháttum Alþingis þarf að breyta. Átök í stjórnmálum eru óumflýjanleg en eiga ekki að vera allsráðandi og mér finnst að við gætum oft verið skynsamari. Það tekur hins vegar tíma að breyta pólitískum kultúr.“

Þingi kemur aftur saman 11. september og nefndafundur hefst í ágúst.

„Ég ætla að njóta sumarsins í Reykjavík en líka að fara í útilegur með fjölskyldunni. Vestfirðir eru á dagskránni ef veðurspáin er góð. Það er alltaf lærdómsríkt að skoða landið sitt og átta sig betur á aðstæðum þeirra sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu.“

Í kvöld er Sigríði Ingibjörgu boðið í stórafmæli og í gær fór hún í árlegt grill kvenna sem áður voru í Kvinnalistanum.

„Svo mæti ég að sjálfsgöðu í Druslugönguna í dag, en hvort ég klæði mig sérstaklega druslulega til fararinnar á eftir að koma í ljós.“

■ thordis@365.is

Í SUMARSKAPI

Á æskuárunum fór Sigríður Ingibjörg í árvissar tjaldútilegur í Þjórsárdal með foreldrum sínum. Í fyrra endurvakti hún útilegudraum fjölskyldunnar og í sumar stendur til að gera við-reist með tjaldið.

MYND/GVA

MINNI ÁTÖK

„Átök í stjórnmálum eru óumflýjanleg en þau eiga ekki að vera allsráðandi. Það tekur hins vegar tíma að breyta pólitískum kultúr á Íslandi.“

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

vísir
- oft á dag

Þímmjúkar brúðargjafir

Úrval brúðargjafa á frábæru tilboðsverði

Ofið úr Pima bómull sem er einstök að gæðum
Yfir 40 tegundir íslenskra rúmfata til brúðargjafa

Lín
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



www.lindesign.is
sendum frítt úr vefverslun



MIKIÐ AÐ GERA
Rekstrarstjóri Pylsuvagnsins, Rada Grbic, segir Íslendinga skemmtilega viðskiptavinir.
MYNDR/GVA

ÍSLENDINGAR ERU SÉRFRÆÐINGAR Í PYLSUM

PYLSUVAGNINN Í LAUGARDAL KYNNIR Íslendingar eru sólgirnir í pylsur og hafa sterkar skoðanir á því hvort sinnepið á að vera ofan á eða undir. Pylsuvagninn í Laugardal á marga fastakúnna og býður upp á alls konar pylsurétti.

Á Íslandi búa 300.000 pylsusérfræðingar. Íslendingar vita nákvæmlega hvernig pylsa á að vera, jafnvel þótt þeir séu ekkert endilega sammála. Flestir eiga sér eftirlætispylsuvagn og sá sem er í uppáhaldi hjá mörgum er Pylsuvagninn í Laugardal.

Pylsuvagninn opnaði fyrst sem vagn á hjólum fyrir 30 árum. Hann er nú fluttur í myndarlegt lítið hús á planinu fyrir framan Laugardalslauginu. Hann hefur þó hvergi lagt upp laupana því það er nóg að gera.

